



ÁRSSKÝRSLA 2020



ÁRSSKÝRSLA 2020

EFNISYFIRLIT	3
FORMÁLI FORSTJÓRA	4
HLUTVERK PERSÓNUVERNDAR	6
FJÁRREIÐUR PERSÓNUVERNDAR	8
SKIPULAG PERSÓNUVERNDAR	9
PERSÓNUVERND Í TÖLUM	12
ÁRIÐ Í HNOTSKURN	15
NOKKUR VIÐFANGSEFNI PERSÓNUVERNDAR 2020	18
HELSTU COVID-19 VIÐFANGSEFNI 2020	20
ÍTARLEG UMFJÖLLUN UM TVÖ ÁLIT	21
YFIRLIT YFIR ÁKVARÐANIR OG ÖNNUR BRÉF	24
YFIRLIT YFIR ÚRSKURÐI	26
YFIRLIT YFIR ÁLIT OG UMSAGNIR	34
ERLENT SAMSTARF	39



Helga Þórisdóttir,
forstjóri Persónuverndar

FORMÁLI FORSTJÓRA

FYRSTU SEKTIR FYRIR BROT Á PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖFINNI

Vinnsla persónuupplýsinga hérlendis heyrir undir valdsvið Persónuverndar og málin sem stofnunin sinnir eru fjölbreytt. Málum fjölgaði 19. árið í röð, þar sem 2.518 mál voru í heildina nýskráð. Við þessa tölu bættust óafgreidd mál frá fyrri árum og heildarfjöldi mála til meðferðar hjá stofnuninni árið 2020 var því 3.156. Á árinu lauk Persónuvernd 2.574 málum og meðal annars litu tvær fyrstu sektarákvarðanir hennar dagsins ljós.

COVID-19 OG PERSÓNUVERND

Mál tengd Covid-19 leiddu til aukins álags á starfsemi Persónuverndar og urðu þau um 190 talsins á árinu 2020. Málin áttu það sammerkt að flest þeirra voru brýn og við þeim þurfti að bregðast með hraði. Álit Persónuverndar til handa sóttvarnalækni í lok febrúar um heimildir hans til gagnaöflunar og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir vegna Covid-19 gaf tóninn um þessi viðfangsefni. Persónuvernd þurfti þannig að svara fjöldamörgum Covid-19-tengdum fyrirspurnum einstaklinga og fyrirtækja um vinnslu persónuupplýsinga í heimsfaraldri ásamt því að sinna beiðnum um leiðbeiningar og umsagnar- og álitsbeiðnum, sem og rannsókn kvartana, frumkvæðismála og úttekta. Persónuvernd sinni umfangsmikilli ráðgjöf til landlæknisembættisins við gerð smitakningarforrits, varð við beiðni um fyrirframsamráð vegna sóttvarnaaðgerða

á landamærum og gaf út leyfi til Embættis landlæknis og sóttvarnalæknis til samkeyrslna á skráum vegna forgangsröðunar í tengslum við bólusetningu við Covid-19. Þá voru unnar leiðbeiningar til fyrirtækja, skóla og hjúkrunarheimila vegna vinnslu persónuupplýsinga í faraldri, auk þess sem gefið var út álit vegna fyrirhugaðrar birtingar upplýsinga um fyrirtæki sem nýttu hlutabótaleið stjórnvalda. Aukið álag skapaðist einnig við afgreiðslu erinda frá Vísindasiðanefnd vegna vísindarannsókna. Árið 2019 voru slíkar rannsóknir 430 talsins en árið 2020 voru þær 564 talsins, þar af voru 63 rannsóknir sérstaklega tengdar Covid-19.

EVROPSKA PERSÓNUVERNDARRÁÐIÐ - VEL VAKANDI Í HEIMSFARALDRI

Aukið álag varð einnig á starfsemi Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB), sem Persónuvernd á sæti í fyrir Íslands hönd, og voru haldnir 22 fjarfundir árið 2020 í stað 11 funda í Brussel árið áður. Þar tóku starfsmenn stofnunarinnar þátt í starfi vinnuhópa ráðsins tengdu opnun landamæra, vísindarannsóknum og smitakningarforritum.

Í leiðbeiningum frá ráðinu um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði í tengslum við Covid-19 var sérstaklega áréttað að ákvæði hinnar evrópsku persónuverndarreglugerðar – og þar af leiðandi einnig íslenskra persónuverndarlaga – um vinnslu heilsufarsupplýsinga í þágu vísindarannsókna ætti áfram við, óháð heimsfaraldri. Þá kom fram

að heimsfaraldur skerti ekki réttindi einstaklinga á þessu sviði. Nauðsynlegt er að ítreka mikilvægi þess að eftir þessu sé unnið hérlendis, sem og annars staðar í Evrópu.

RÁÐGJÖF - OG ÝMIS ÖNNUR VERKEFNI

Meðal annarra helstu verkefna á árinu var gerð álits um skrár Embættis landlæknis, þar sem bent var á að þörf væri á skýrari ákvæðum í settum lögum um skráningu persónuupplýsinga í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga, auk þess sem veitt voru álit um miðlun tiltekinnna stjórnvalda á persónuupplýsingum um heilbrigðisstarfsmenn til Embættis landlæknis og veitt ráðgjöf og umsögn í tengslum við ýmis atriði tengd flutningi krabbameinsskimana frá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri opinberra aðila. Álit um persónuvernd og tjáningarfrelsi fjölmiðla leit dagsins ljós og ýmsum frumkvæðismálum var sinnt, svo sem um ferðagjöf stjórnvalda, birtingu persónuupplýsinga á vefsíðum dómstóla og notkun lögreglu á samfélagsmiðlum. Þá var utanríkisráðuneytinu bent á ætlaða umfangsmikla rafræna vöktun hjá kínverska sendiráðinu. Mikil vinna fór jafnframt fram vegna undirbúnings nýs starfsleyfis Creditinfo Lánstrausts hf., auk þess sem umfangsmikil ráðgjöf var veitt til ráðuneyta, m.a. til handa félags- og barnamálaráðuneyti vegna breytinga á stjórnsýslu barnaverndar, þ.á.m. nýrrar löggjafar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þessa urðu starfsmenn Persónuverndar við fjölmörgum fundarbeiðnum frá ýmsum fyrirtækjum, stofnunum og öðrum ásamt því að sérfræðingar hennar veittu ráðgjöf til margra vinnuhópa á vegum hins opinbera, m.a. til Stafræns Íslands. Á síðustu dögum ársins var ráðgjafar og aðkomu Persónuverndar óskað af hálfu ráðuneyta vegna loka aðlögunartímabils í tengslum við útgöngu Bretlands úr ESB.

STJÓRNMÁLAFLOKKAR, SAMFÉLAGSMIÐLAR OG KOSNINGAR

Veigamesta álit Persónuverndar á árinu varðaði vinnslu persónuupplýsinga hjá stjórnmalaflokkum í tengslum við alþingiskosningar 2017 og 2018. Greint var frá því hvernig íslensk stjórnmalasamtök unnu persónuupplýsingar um íslenska borgara á samfélagsmiðlum. Öll notuðu þau Facebook, og flest einnig aðra samfélagsmiðla, svo sem Instagram og YouTube. Sumar af þeim breytum sem þau notuðu fólu í sér nærgöngula rýni. Ekki verður séð að félagsmenn stjórnmalasamtakanna og kjósendur almennt hafi fengið nema takmarkaða fræðslu um það hvernig staðið var að þessari vinnslu samtakanna á persónuupplýsingum íslenskra kjósenda. Auk þessa var í álitinu fjallað um möguleg áhrif þess á íslenskar kosningar að sumum Facebook-notendum á Íslandi hefði birst hnappur með áminningu um að kjósa í alþingiskosningunum 28. október 2017.

REKSTUR PERSÓNUVERNDAR ÁFRAM Í JÁRNUM - BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Send voru ítarlega rökstudd erindi til dómsmálaráðuneytis í upphafi ársins og síðar til Alþingis um þörf á 10 nýjum starfsmönnum til að sinna viðvarandi og verulega auknum verkefnum Persónuverndar með tilkomu nýrra persónuverndarlaga. Engu að síður þá fól fjárlagafrumvarp fyrir árið 2021 í sér lækkan á fjárframlögum til stofnunarinnar sem nam launakostnaði fyrir eitt og hálf stöðugildi sérfræðings. Leiddi það til fækkunar fastráðinna starfsmanna Persónuverndar á árinu. Samþykkt fjárlög fólu síðan í sér tímabundið framlag til eins árs til ráðningar tveggja starfsmanna á nýrri starfsstöð á Húsavík. Um leið og þessu framlagi er fagnað þá liggur fyrir að stjórnvöld hafa ekki brugðist við ítrekuðum beiðnum stofnunarinnar um að hún verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti svo að hún geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.


Þrátt fyrir heildarendurskoðun á öllum ferlum hjá Persónuvernd með það að markmiði að ná betur að sinna öllum þeim málum sem berast, þá nær núverandi starfsmannafjöldi ekki að afgangi fyrir liggjandi verkefni með ásættanlegum hætti. Til þess eru málin sem berast of mörg og oft mjög umfangsmikil. Á sama tíma hafa stjórnvöld háleit og metnaðarfull markmið og skrifa m.a. áherslur um persónuvernd inn í hverja stefnuýfirlýsinguna á fætur annarri, sbr. stefnu stjórnvalda í gervigreind, skýjastefnu og menntastefnu til 2030. Þessar stefnur virðast skrifaðar án þess að því sé gefinn gaumur að þær leggja auknar kvaðir á starfsemi Persónuverndar. Jafnframt má benda á að um þessar mundir stendur yfir innleiðing nýrra stafrænna lausna og uppbygging stafrænna innviða víða hjá hinu opinbera, sveitarfélögum og fleirum. Við þetta er að bæta að Persónuvernd er ein af grunnstöðum í netöryggismálum landsins. Enn virðist því ekki vera nægilegur skilningur á eðli hlutverks Persónuverndar í íslensku samfélagi, sem eftirlitsstofnunar, en einnig og ekki síður sem helsta ráðgjafar- og leiðbeiningaraðila hérlendis á því flókna og yfirgrípsmikla sviði sem vinnsla persónuupplýsinga á tækniöld er. Í nágrannalöndum okkar hafa verið færðar fram röksemdir fyrir því að sterk persónuverndarstofnun leiði til styrkingar allra innviða og geti aukið samkeppnishæfni landsins, svo sem á sviði nýsköpunar og tækni. Íslensk stjórnvöld ættu að tileinka sér þessa sýn á mikilvægi persónuverndarmála.



HLUTVERK PERSÓNUVERNDAR

MEGINHLUTVERK OG VERKEFNI PERSÓNUVERNDAR

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.



EFTIRLIT

að annast eftirlit með því að farið sé að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, reglum settum samkvæmt þeim og reglugerð (ESB) 2016/679

ÚRSKURÐIR

að taka við kvörtunum og úrskurða um hvort brot gegn persónuverndarlöggjöfinni hafi átt sér stað.

LEIÐBEININGAR

að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu

LEYFISUMSÓKNIR

að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum um öryggisbresti og mæla fyrir um ráðstafanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga

ÞRÓUN

að fylgjast með þróun persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hættu búin og veita ráð um leiðir til lausna

ÁLIT

að tjá sig samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitaefni um meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd

Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Hlutverk Persónuverndar er að gæta hagsmuna almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd var stofnuð með lögum nr. 77/2000 (nú brottfallin) og átti því 20 ára starfsafmæli á árinu.

Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum.

FJÁRREIÐUR

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er tuttugasta ársskýrsla Persónuverndar.

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2020 samtals 298,6 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 2,4 milljónum og ýmsar tekjur voru 6,1 milljón. Samtals var því ársvelta stofnunarinnar 307,1 milljón. Rekstrartap frá árinu 2019 nam 0,9 milljónum og uppsafnað tap samtals 0,2 milljónum. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 307 milljónir en gjöld stofnunarinnar námu alls 306,6 milljónum. Hagnaður ársins nam 0,6 milljónum króna og hrein eign var í lok árs jákvæð um 0,4 milljónir. Um áramótin 2020-2021 voru 18 á launaskrá hjá PV. Einn starfsmaður var tímabundið í leyfi á árinu en ársverk hjá stofnuninni voru 18 á árinu 2020.



Þórður Sveinsson, sviðsstjóri útteka
Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits,
Helga Þórisdóttir, forstjóri
Vigdís Eva Línadal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu

SKIPULAG PERSÓNUVERNDAR

STJÓRN PERSÓNUVERNDAR FRAM TIL 9. JÚNÍ 2020:

Aðalmenn

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður
Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt
Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður
Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir
Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri skilríkjamála hjá Þjóðskrá Íslands

Varamenn

Ástríður Grímsdóttir, héraðsdómari
Haraldur Briem, fyrrverandi sóttvarnalæknir
Jónas Sturla Sverrisson, öryggisstjóri
Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður
Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður

NÝ STJÓRN PERSÓNUVERNDAR VAR SKIPUÐ FRÁ OG MEÐ 10. JÚNÍ 2020:

Aðalmenn

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður
Björg lét af störfum þann 30. nóvember 2020 þegar hún var skipuð
dómari við Hæstarétt Íslands
Björn Geirsson, forstöðumaður hjá Fjarskiptastofu
Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður, sem gegndi
starfi stjórnarformanns frá nóvember 2020
Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir
Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri skilríkjamála hjá Þjóðskrá Íslands

Varamenn

Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður
Sindri M. Stephensen, lektor
Sveinn Magnússon, læknir
Jónas Sturla Sverrisson, öryggisstjóri
Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur

SKRIFSTOFA

Forstjóri

Helga Þórisdóttir

Sviðsstjórar

Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits
Vigdís Eva Línadal, sviðsstjóri erlends samstarfs
og fræðslu, staðgengill forstjóra
Þórður Sveinsson, sviðsstjóri úttekta

PERSÓNUVERND

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík
Sími 5109600
www.personuvernd.is
postur@personuvernd.is

Á vefsíðu Persónuverndar er m.a. að finna:


- Algengar spurningar um persónuvernd og svör við þeim
- Lög nr. 90/2018 ásamt reglum sem stofnunin hefur sett og ýmsar upplýsingar sem sem lúta að starfsemi hennar
- Leiðbeiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir
- Eyðublöð fyrir kvartanir og leyfisumsóknir
- Hlekk á tilkynningargátt vegna öryggisbresta
- Upplýsingar um símatíma lögfræðinga

SKIPURIT PERSÓNUVERNDAR 2020

Samkvæmt skipuriti Persónuverndar er um þrjú megin svið að ræða, auk kjarnastarfsemi, þ.e. eftirlit, úttektir og erlent samstarf og fræðsla. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu.

Öll vinnsla persónuupplýsinga, hjá fyrirtækjum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og öðrum, fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Helstu málaflokkar sem Persónuvernd fæst við eru rafrænt eftirlit og vöktun, tækni og nýsköpun, samfélagsmiðlar og markaðssetning, rannsóknir og leyfi, heilbrigðismál, börn og viðkvæmir hópar, fjármál, réttindi einstaklinga, vottanir og háttisreglur, reglusetning og lagaumhverfi, netöryggi, löggæsla, fjölmiðlun og stjórnsýsla dómstóla.

Sviðsstjóri eftirlits er Helga Sigríður Þórhallsdóttir.
Sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu er Vigdís Eva Líndal.
Sviðsstjóri úttekta er Þórður Sveinsson.



VIÐKVÆMAR PERSÓNUUPPLÝSINGAR

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
- Lífkennuupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.

VINNSLA

Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

SKRÁ

Skipulegt safn persónuupplýsinga sem er aðgengilegt samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort heldur það er miðlægt, dreift eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu.

ÁBYRGÐARAÐILI

Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

VINNSLUAÐILI

Einstaklingur eða lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

RAFRÆN VÖKTUN

Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

- vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
- sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

GERÐ PERSÓNUSNIÐS

Sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga sem felst í því að nota persónuupplýsingar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, smekk, áhugamál, áreiðanleika, hegðun, staðsetningu eða hreyfanleika.

ÖRYGGISBRESTUR VIÐ VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Brestur á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmetrar eyðingar persónuupplýsinga eða þess að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.

SAMÞYKKI

Óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða um að hann samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig.


PERSÓNUVERND Í TÖLUM



NÝSKRÁÐ MÁL PERSÓNUVERNDAR FRÁ 2001-2020 - ENN GLÍMT VIÐ MÁLAHALA


Málafjöldi hjá Persónuvernd hefur aukist hröðum skrefum allt frá fyrstu árum stofnunarinnar. Á árinu voru nýskráð 2.518 mál en óafgreidd mál frá fyrri árum voru 638. Til meðferðar voru því í heildina 3.156 mál. Á árinu tókst 18 starfsmönnum að afgreiða 2.574 mál. Óafgreidd mál við árslok 2020 voru 582 talsins.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda nýskráðra mála frá 2001 til 2020.




NÝSKRÁÐ OG AFGREIDD MÁL PERSÓNUVERNDAR ÁRIÐ 2020

Alls voru 2.574 mál afgreidd af Persónuvernd árið 2020. Fjölbreytni mála er mikil og hér að neðan má sjá dæmi um fjölda þeirra eftir tegundum.



AFGREIÐSLA MÁLA

Hér að neðan má sjá skiptingu nokkurra málaflokka eftir afgreiðslu þeirra hjá Persónuvernd árið 2020



ÁRIÐ Í HNOTSKURN

TÍMALÍNA - HELSTU VIÐBURÐIR Í STARFSEMI PERSÓNUVERNDAR 2020

JANÚAR

28. janúar 2020

Alþjóðlegi persónuverndardagurinn. Nýjar leiðbeiningar birtar á vefsíðu um ýmis efni.

31. janúar

Leiðbeiningar Persónuverndar vegna Brexit.

FEBRÚAR

26. febrúar

Heimildir sóttvarnalækni til gagnaöflunar í tengslum við COVID-19. Sóttvarnalækni heimilt að afla gagna frá öllum þeim aðilum, sem geta veitt upplýsingar þegar út brýst hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna, og vinna með þær upplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er.

27. febrúar

Ráðstefna um fjölþáttaógnir á vegum þjóðaröryggisráðs. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar flytur erindi á ráðstefnunni.

MARS

5. mars

Leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga á vinnustöðum vegna Covid-19 gefnar út.

5. mars

Álit á notkun stjórnmalasamtaka á samfélagsmiðlum fyrir kosningar til Alþingis. Persónuvernd veitir leiðbeiningar og tillögur. Fyrir liggur að stjórnmalasamtökin notuðu nokkuð nærgöngula rýni. Ekki varð séð að félagsmenn stjórnmalasamtakanna og kjósendur almennt hefðu fengið nema takmarkaða fræðslu um það hvernig staðið væri að vinnslunni.

5. mars

Tvær fyrstu sektarákvarðanirnar hjá Persónuvernd lagðar á SÁÁ og Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

8. mars

Sameiginleg fréttatilkynning Persónuverndar og vísindasiðanefndar birt vegna umræðu um skimun ÍE fyrir Covid-19 veirunni. Í fréttatilkynningunni kemur fram að vaknað hafi spurningar um hvort hluti verkefnisins sé vísindarannsókn eða ekki en samkvæmt upplýsingum sem fengust frá ÍE sé ekki um að ræða vísindarannsókn.

13. mars

Heildstæðar leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga vegna Covid-19 gefnar út.

20. mars

Yfirlýsing EDPB vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við Covid-19. Ráðið leggur áherslu á að persónuverndarlög komi ekki í veg fyrir nauðsynlega vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við að hefta útbreiðslu faraldurs á borð við Covid-19.

21. mars

Vegna óvæginna umfjöllunar af hálfu ÍE, í tilefni umsóknar fyrirtækisins um heimild til vísindarannsóknar vegna Covid-19, birtir Persónuvernd fréttatilkynningu. Greint var frá því að umsókn ÍE hefði borist Persónuvernd um hádegisbil á föstudegi 20. mars og stefnt væri að því að afgreiða hana eigi síðar en fyrir lok mánudagsins 23. mars.

23. mars

Persónuvernd lýkur afgreiðslu á máli vegna vísindarannsóknar ÍE á Covid-19.

24. mars

Persónuvernd gefur út leiðbeiningar um fjarkennslu í skólum.

26. mars

Persónuvernd gefur út bækling um persónuvernd barna 8-12 ára: „Spurðu áður en þú sendir!“

APRÍL

17. apríl

Persónuvernd gefur út leiðbeiningar um notkun tæknilausna og samfélagsmiðla til samskipta við aðstandendur íbúa á hjúkrunarheimilum.

21. apríl

Persónuvernd sendir ábendingu til Tryggingastofnunar ríkisins vegna skoðunar á upplýsingum um IP-tölur þeirra einstaklinga sem þiggja lífeyri frá stofnuninni í þeim tilgangi að fylgjast með staðsetningu þeirra.

MAÍ

13. maí

Persónuvernd svarar erindi Vinnuálastofnunar vegna birtingar upplýsinga um nýtingu hlutabótaleiðar. Persónuverndarlög girða ekki fyrir birtingu upplýsinga um fyrirtæki.

14. maí

Tilkynningagátt fyrir öryggisbresti opnuð. Gáttin er samvinnuverkefni Persónuverndar, Póst- og fjarskiptastofnunar/CERT-IS og lögreglunnar undir forystu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

19. maí

Álit um skrár Embættis landlæknis. Þörf á skýrari ákvæðum í settum lögum um skráningu persónuupplýsinga í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

JÚNÍ

8. júní

Reglur settar um öryggi persónuupplýsinga við framkvæmd vísindarannsóknna á heilbrigðissviði.

24. júní

Árétting vegna fréttatilkynningar Neytendasamtakanna og ASÍ um starfsleyfisskilmála Creditinfo.

25. júní

Ákvörðun um að fyrirhuguð birting Arion banka á ljósmyndum af liðum á fótboltamóti barna á Facebook-síðu bankans sé ekki heimil samkvæmt persónuverndarlögum.

25. júní

Persónuvernd lýkur máli vegna notkunar ÍÉ á deilingarhnappi á Facebook í tengslum við rannsókn á erfðum persónuleikapátta. Ekki var aðhafst frekar vegna málsins í ljósi skýringa ÍÉ, en bent á að Persónuvernd myndi framvegis kalla sérstaklega eftir skýringum væri fyrirhugað að nýta samfélagsmiðla í vísindarannsóknum.

30. júní

Persónuvernd leiðbeinir Tryggingastofnun ríkisins um notkun upplýsinga um IP-tölur við eftirlit.

JÚLÍ

2. júlí 2020

Árétting á tilmælum Persónuverndar til þeirra sem koma að starfi með börnum vegna notkunar samfélagsmiðla við birtingu persónuupplýsinga um börn, m.a. mynda.

8. júlí

Stofnun átakshóps hjá EDPB vegna samfélagsmiðlaforritsins TikTok. Persónuvernd hvetur foreldra og forráðamenn til að fræða börn sín um samfélagsmiðla og þá áhættu sem getur falist í því að deila persónuupplýsingum á slíkum miðlum.

16. júlí

Evrópudómstóllinn ógildir ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um „Privacy Shield“

SEPTEMBER

9. september

Persónuvernd vekur athygli utanríkisráðuneytis á ætlaðri umfangsmikilli rafrænni vöktun á vegum sendiráðs Kína.

17. september

Árétting vegna ummæla af hálfu Fangelsismálastofnunar í Speglinum á RÚV um að samkvæmt persónuverndarlögum mætti stofnunin ekki hafa eftirlit með því í hverja fangar hringdu. Persónuvernd áréttar að sérstakar heimildir eru í lögum nr. 15/2016 til eftirlits með símtölum fanga.

OKTÓBER

1. október

Símatími hjá lögfræðingum Persónuverndar breytist, nú tvisvar í viku í stað þess að vera þrisvar sinnum. Breytingin er einkum tilkomin vegna þess að málunum sem berast, og sem óbreyttur starfsmannafjöldi þarf að sinna, fjölga á hverju ári.

2. október

H&M í Þýskalandi sektað um 5,7 milljarða króna fyrir ólögmeða vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn félagsins.

5. október

Álit um tjáningarfrelsi og fjölmiðla. Vinnsla persónuupplýsinga fellur að miklu leyti utan valdsviðs Persónuverndar og stofnunin ekki bær til að úrskurða með bindandi hætti um hvort vinnsla fjölmiðla hafi samrýmst ákvæðunum. Það sé hlutverk dómstóla.

8. október

Drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa birt til umsagnar á vefsíðu Persónuverndar. Um var að ræða fyrstu starfsleyfisskilmálana á grundvelli laga nr. 90/2018

NÓVEMBER

9. nóvember

EDPB tekur fyrstu ákvörðunina á grundvelli 65. gr. pvrgr. í tengslum við úrlausn deilumála.

10. nóvember

Umsagnir um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa birtar á vefsíðu Persónuverndar.

17. nóvember

Leiðbeiningar um fjarkennslu uppfærðar, m.a. hvað varðar fyrirkomulag prófa.

24. nóvember

Álit um miðlun tiltekinna stjórnvalda á persónuupplýsingum um heilbrigðisstarfsmenn til embættis landlæknis. Brýnt sé fyrir löggjafann að bregðast við skorti á skýrum lagaheimildum embættis landlæknis svo að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu eins og lög mæla fyrir um.

DESEMBER

11. desember

Vigdís Eva Líndal sviðsstjóri verður staðgengill forstjóra.

18. desember

Leiðbeiningar um aðgerðir vegna flutnings persónuupplýsinga til Bretlands.

30. desember

Tilkynning um að miðlun persónuupplýsinga til Bretlands verði áfram heimil án hindrana eftir Brexit.



NOKKUR VIÐFANGSEFNI 2020

NOKKUR AF HELSTU VIÐFANGSEFNUM PERSÓNUVERNDAR 2020

- Mál tengd **heilbrigðisupplýsingum**
 - Álit um skrár Embættis landlæknis: Þörf á skýrari ákvæðum í settum lögum varðandi skráningu persónuupplýsinga í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga
 - Álit um miðlun upplýsinga til landlæknis um heilbrigðisstarfsmenn
 - Flutningur krabbameinsskimana frá Leitarstöð til ríkisins: fundir, álit, staðfesting á öryggi sameiginlegra sjúkraskrárkerfa
- Birting persónuupplýsinga á vefsíðu **dómstóla**
- Mál tengd **Íslenskri erfðagreiningu**
 - Vísindarannsóknir, frumkvæðisathuganir og kvartanir
- Mál tengd **Creditinfo Lánstrausti**
 - Vinna við nýtt starfsleyfi, kvartanir og fyrirspurnir
- Ný löggjöf um **málefni barna**
 - Umsagnir, fundir með ráðuneyti og stofnunum
- **Fundir** með ýmsum fyrirtækjum
- Álit um vinnslu persónuupplýsinga hjá stjórn málaflökkum í tengslum við **kosningar**
- Álit um **tjáningarfrelsi og fjölmiðla**
- Notkun **lögreglu** á samfélagsmiðlum
 - frumkvæðisathugun
- **Ferðagjöfin** - frumkvæðisathugun
- Úrlausnir og **sektir** tengdar öryggisbrestum
 - SÁÁ, FB - önnur mál enn í rannsókn
- Fjarfundir **Evrópska persónuverndarráðsins**, 2-3 í mánuði
- Mál tengd **Brexit** og flutningi persónuupplýsinga til Bandaríkjanna
- Rafræn vöktun hjá **kínverska sendiráðinu**
- **Seta í vinnuhópum og ráðum á vegum hins opinbera, svo sem Netöryggisráði**
- **Ráðgjöf til Stafræns Íslands vegna stafvæðingar hjá hinu opinbera**



HELSTU COVID-19 VIÐFANGSEFNI 2020



NOKKUR AF HELSTU COVID-19-VIÐFANGSEFNUM PERSÓNUVERNDAR 2020

- Mál tengd Covid-19 alls **191**
 - Fyrirspurnir, frumkvæðismál, úttektir, kvartanir, leiðbeiningar, umsagnir, álit o.s.frv.
- Álit um heimildir **sóttvarnalæknis til gagnaöflunar**
- Ráðgjöf við gerð **smitrakningarforrits** (Rakning C-19)
- **Vísindarannsóknir** (63 mál)
- Flutningur starfsemi **sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans til ÍE**
- Breytingar á **sóttvarnalögum**
- Álit á birtingu upplýsinga um fyrirtæki vegna **hlutabótaleiðar**
- **Leiðbeiningar** til fyrirtækja, skóla og hjúkrunarheimila
- **Frumkvæðisathuganir** vegna skimunar ÍE fyrir Covid-19 og blóðtöku á Landspítala
- **EDPB:** þátttaka í vinnuhópum tengdum opnun landamæra, vísindarannsóknnum og smittrakningarforritum
- **Fyrirframsamráð** vegna sóttvarna á landamærum
- Heimild til samkeyrslu gagna vegna forgangsroðunar í tengslum við **bólusetningu** við Covid-19

ÍTARLEG UMFJÖLLUN UM TVÖ ÁLIT

PERSÓNUVERND OG TJÁNINGARFRELSI

Persónuvernd gaf út álit á lagaumhverfi fjölmiðla með tilliti til persónuverndar, mörkum valdheimilda Persónuverndar að því leyti og á þeim sjónarmiðum sem fjölmiðlar þyrftu að líta til við vinnslu persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku. Niðurstaða álitsins er sú að vinnsla persónuupplýsinga á vegum fjölmiðla og annarra aðila í þágu fréttamennsku falli að miklu leyti utan valdsviðs Persónuverndar. Sé stofnunin því ekki bær til þess að úrskurða með bindandi hætti um hvort vinnsla persónuupplýsinga á þeim vettvangi samrýmist ákvæðum laganna og reglugerðarinnar. Falli það í hlut dómstóla að meta hvort fjölmiðlar hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns eða gerst brotlegir við ákvæði laga nr. 90/2018 og reglugerðarinnar eða eftir atvikum önnur ákvæði laga.

„Krafan um sanngirni og gagnsæi vinnslu felur meðal annars í sér að virða þarf réttindi einstaklinga á borð við upplýsingarétt og aðgangsrétt. Ákvæði laga nr. 90/2018 og reglugerðarinnar um réttindi einstaklinga gilda hins vegar ekki um vinnslu persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku, enda má segja að fjölmiðlum og öðrum þeim er sinna fréttamennsku yrði gert afar erfitt fyrir ef þeir þyrftu að fylgja þeim í hvívetna.“

„Almennt séð ætti heldur ekki að birta persónuupplýsingar um einstaklinga í frétt án samþykkis viðkomandi nema almannahagsmunir af birtingunni vegi þyngra en hagsmunir hlutaðeigandi einstaklings. Þá skal sýna sérstaka varfærni ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, til dæmis upplýsingar um heilsufar eða mjög viðkvæm einkamálefni einstaklings.“

ÁLIT Á NOTKUN STJÓRNMÁLASAMTAKA Á SAMFÉLAGSMIÐLUM FYRIR KOSNINGAR TIL ALÞINGIS - LEIÐBEININGAR OG TILLÖGUR

Persónuvernd hefur rannsakað notkun stjórnaldasamtaka á samfélagsmiðlum fyrir kosningar til Alþingis 2016 og 2017. Í áliti af því tilefni er meðal annars fjallað um vinnslu

stjórnaldasamtakanna á persónuupplýsingum til þess að afmarka markhópa og beina markaðssetningu að þeim. Álitið tekur til þeirra átta stjórnaldasamtaka sem sæti eiga á Alþingi. Fyrir liggur að öll stjórnaldasamtökin notuðu persónuupplýsingar til að ná til skilgreindra hópa á samfélagsmiðlum á umræddu tímabili. Öll stjórnaldasamtökin notuðu Facebook, og flest einnig aðra samfélagsmiðla, svo sem Instagram og YouTube. Þá keyptu einhver stjórnaldasamtakanna auglýsingar á auglýsingaveitunni Google.ads. Af svörum samtakanna má sjá að þau gengu mislangt í því skyni að búa til markhópa.

Í tilvikum tvennra stjórnaldasamtaka voru einungis notaðar upplýsingar um aldur fólks og staðsetningu. Hjá öðrum stjórnaldasamtökum voru hópar skilgreindir með nákvæmari hætti út frá áhugasviði þeirra á samfélagsmiðlum. Áhugasviðin voru ýmist skráð af notendum sjálfum eða ákveðin af samfélagsmiðlinum út frá virkni notenda á miðlinum, svo sem því sem viðkomandi hafði líkað við, deilt eða sýnt áhuga á. Þannig beindu sum stjórnaldasamtök sérsniðnum skilaboðum til tiltekinna hópa kjósenda sem í ljósi persónusniða voru ýmist taldir líklegir til að kjósa þau eða vera óákveðnir (e. swing voters).

Fyrir liggur að sumar af þeim breytum sem stjórnaldasamtökin notuðu fólu í sér nokkuð nærgöngula rýni. Ekki verður séð að félagsmenn stjórnaldasamtakanna og kjósendur almennt hafi fengið nema takmarkaða fræðslu um það hvernig staðið væri að vinnslunni.

Þá liggur fyrir að netföng félagsmanna í tveimur stjórnaldasamtökum voru sett upp í viðmóti hjá Facebook. Í því fólst að netföngin voru tengd fyrirliggjandi upplýsingum þar og auglýsingar frá samtökunum sendar félagsmönnum á grundvelli þeirrar tengingar. Af upplýsingum á vef Facebook verður ráðið að gögnin séu dulkóðuð á vafra auglýsandans og að Facebook sjái því aldrei þessar upplýsingar.

Í áliti Persónuverndar er að finna meginniðurstöður um hvernig sú vinnsla sem hér um ræðir horfði við ákvæðum eldri laga um persónuvernd sem giltu í aðdraganda kosninga 2016 og 2017. Einnig setur Persónuvernd fram leiðbeiningar og tillögur um notkun persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum í tengslum við kosningar til að tryggja að farið sé að lögum. Þá er m.a. fjallað um hnapp sem birtist

sumum Facebook-notendum á Íslandi með áminningu um að kjósa í alþingiskosningunum 2017.

Lögð er á það áhersla í álit Persónuverndar að vinnsla stjórnmalasamtaka á viðkvæmum persónuupplýsingum félagsmanna og kjósenda, svo sem um stjórnmalaskoðanir, verður að byggjast á afdráttarlausu samþykki einstaklinga fyrir vinnslunni. Þá er jafnframt gerð rík krafa um gagnsæi og fræðslu til hinna skráðu.

„Tekið er fram í svörunum að flokkurinn hafi birt auglýsingar fyrir þeim sem höfðu líkað við síðu formanns flokksins á Facebook, þeim sem líktust þeim sem höfðu líkað við síðu hans, þeim sem líktust þeim sem höfðu líkað við síðu flokksins og þeim sem líktust bændum (e. lookalike audiences).

Þá hafi flokkurinn nýtt sér nafn, búsetu og afmældisdag í kjörskrá til að útbúa svokallaðan custom audience-lista á Facebook. Breyturnar sem hafi verið notaðar séu bændur (fólk með póstnúmer í dreifbýli) og fólk yngra en 25 ára.

Jafnframt hafi flokkurinn notað innbyggðar lýðfræði-, áhugasviðs- og námsstillingar Facebook til að smíða sértækan markhóp og beint eingöngu að þeim hópi skilaboðum sem tengdust breyttri staðsetningu Landspítala og áherslum sem sneru að heilbrigðisstefnu flokksins. Þær breytur sem hafi verið notaðar til að smíða þann hóp séu Íslendingur, staðsetning, aldur (18-65 ára +), áhugamál (læknisfræði). Einnig hafi starfsheiti í heilbrigðisstétt verið notuð, svo sem barna-, hjarta-, svæfingar-, tauga-, lýta- og húðsjúkdómalæknir.“





ÁKVARÐANIR OG ÖNNUR BRÉF

Notkun Húsasmiðjunnar ehf. á fingrafaraskanna við inn- og útskráningu starfsmanna í launakerfi fyrirtækisins

Mál nr. 2020010343

Persónuvernd tók ákvörðun í tilefni tilkynningar Húsasmiðjunnar ehf. um notkun fingrafaraskanna við inn- og útskráningu starfsmanna í launakerfi fyrirtækisins. Í ljósi aðstöðumunar aðila, tilgangs vinnslunnar og þeirra fjölmörgu úrræða sem bjóðast rekstraraðilum til eftirlits með vinnuframlagi starfsmanna sem ekki byggja á vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga var komist að þeirri niðurstöðu að notkun Húsasmiðjunnar ehf. á fingrafaraskanna til auðkenningar með einkvæmum hætti samrýmdist ekki lögum nr. 90/2018. Þá gaf Persónuvernd út fyrirmæli um að Húsasmiðjan ehf. skyldi hætta notkun fingrafaraskannans og eyða lífkennuupplýsingum starfsmanna.

Öryggisbrestur hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti - Sektorákvörðun

Mál nr. 2020010382

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að fjárhæð 1.300.000 krónur, á Fjölbrautaskólann í Breiðholti (FB) vegna öryggisbrests sem átti sér stað hinn 15. ágúst 2019. Öryggisbresturinn varð með þeim hætti að kennari við skólann sendi tölvupóst á nýnema, þ.e. nýja umsjónarnemendur sína, og forráðamenn þeirra. Lét hann fylgja með viðhengi sem hann taldi vera skjal sem innihéldi yfirlit yfir viðtalstíma. Fyrir mistök sendi kennarinn rangt viðhengi með tölvupóstinum en það viðhengi innihélt upplýsingar um viðtöl sem höfðu verið tekin við umsjónarnemendur frá fyrri önn. Í skjalinu voru m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar er vörðuðu þá nemendur.

Var það mat Persónuverndar að öryggisbresturinn væri afleiðing af skorti á tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum af hálfu FB til að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Í ljósi þess var talið að brotið hefði verið gegn meðal annars f-lið 1. mgr. 5. gr. og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Við ákvörðun sektarinnar var meðal annars litið til þess að umræddur öryggisbrestur fól í sér verulega skerðingu á einkalífsrétti viðkomandi nemenda, í ljósi edlis þeirra persónuupplýsinga sem um ræddi. Þær voru sendar frá umsjónarkennara þeirra frá fyrri vetri til nýnema sem voru í umsjón hjá honum, auk forráðamanna þeirra, alls 57 manns. Hins vegar var litið til þess að ekki var um

að ræða langvarandi brot heldur einstakt tilvik. Þá var talið ljóst að ekki væri um að ræða vinnslu í ólögumætum tilgangi heldur mannleg mistök. Einnig var það talið hafa vægi við sektarákvörðun að um var að ræða óarðsækinn lögaðila sem veitir almannaþjónustu. Með hliðsjón af þessum atriðum þótti sektin hæfilega ákveðin 1.300.000 krónur.

Rafræn vöktun við skóla og leikskóla í Kópavogi

Mál nr. 2020010401

Persónuvernd lauk athugun sinni á rafrænni vöktun við skóla og leikskóla í Kópavogi, auk þess sem gefin voru fyrirmæli. Persónuvernd taldi að í meginatriðum hefði sveitarfélagið gætt að ákvæðum laga nr. 90/2018 en rétt hefði verið að greina forráðamönnum barna og starfsfólki frá fyrirhugaðri vöktun í skólum áður en hún hófst, auk þess sem leita hefði átt álits hinna skráðu eða fulltrúa þeirra, eftir því sem við átti. Þar sem börn teldust viðkvæmur hópur hefði verið þörf á að veita forráðamönnum færi á athugasemdom eða hafa samráð við þá með öðrum hætti, svo sem með því að kynna vöktunina fyrir foreldrafélögum.

Rafræn vöktun við skóla og leikskóla í Hafnarfirði

Mál nr. 2020010402

Persónuvernd lauk athugun sinni á rafrænni vöktun við skóla og leikskóla í Hafnarfirði, auk þess sem gefin voru fyrirmæli. Persónuvernd taldi að í meginatriðum hefði sveitarfélagið gætt að ákvæðum laga nr. 90/2018 en rétt hefði verið að greina forráðamönnum barna og starfsfólki frá fyrirhugaðri vöktun í skólum áður en hún hófst, auk þess sem leita hefði átt álits hinna skráðu eða fulltrúa þeirra, eftir því sem við átti. Þar sem börn teldust viðkvæmur hópur hefði verið þörf á að veita forráðamönnum færi á athugasemdom eða hafa samráð við þá með öðrum hætti, svo sem með því að kynna vöktunina fyrir foreldrafélögum.

Fyrirhuguð birting Arion banka á ljósmyndum af liðum á fótboltamóti barna á Facebook-síðu bankans

Mál nr. 2020010425

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugunarmáli stofnunarinnar varðandi fyrirhugaða birtingu Arion banka á ljósmyndum af liðum á Arion banka-móti í fótbolta barna 2019 á Facebook-síðu bankans. Niðurstaðan var sú að fyrirhuguð vinnsla væri ekki heimil samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

Öryggisbrestur hjá SÁÁ - Sektorákvörðun

Mál nr. 2020010428

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að fjárhæð 3.000.000 króna, á SÁÁ vegna öryggisbrests sem átti sér stað haustið 2018. Öryggisbresturinn varð með þeim hætti að starfsmaður, sem hætti störfum hjá SÁÁ árið áður, átti að fá afhenta kassa með persónulegum gögnum. Við afhendinguna fékk hann hins vegar einnig í hendur verulegt magn sjúklíngaupplýsinga, en þar á meðal voru innritunarbækur með nöfnum um 3.000 sjúklinga og ítarlegar sjúkraskrárupplýsingar um 252 einstaklinga.

Var það mat Persónuverndar að afhending sjúkraskrárgagnanna væri afleiðing af skorti á tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum af hálfu SÁÁ til að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Í ljósi þess var talið að brotið hefði verið gegn meðal annars f-lið 1. mgr. 5. gr. og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Við ákvörðun sektarinnar var meðal annars litið til þess að um viðkvæmar persónuupplýsingar var að ræða, auk umfangs þeirrar vinnslu sem um ræddi. Á hinn bóginn var einnig litið til þess að um var að ræða samtök sem vinna að almannaeillum, starfa ekki í fjárhagslegum tilgangi og leggja sjálfsafلافé til heilbrigðisþjónustu sem er opin almenningi. Þá hafði mikil umbótavinna verið unnin innan SÁÁ til að uppfylla kröfur persónuverndarlöggjafar, en hún hófst áður en öryggisbresturinn komst upp. Að teknu tilliti til þessara þátta var SÁÁ gert að greiða 3.000.000 króna stjórnvaldssekt.

Athugun á vinnslu vegna heilsufarsmælinga hjá SÍBS

Mál nr. 2020010473

Persónuvernd lauk athugun sinni á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við heilsufarsmælingar hjá Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS). Í bréfi til sambandsins voru veittar leiðbeiningar um það lagaumhverfi sem gildi um umrædda vinnslu. Samhliða því var ákveðið að loka málinu þar sem ekki var talin sérstök þörf á frekari athugun á umræddri vinnslu að sinni. Hins vegar var tekið fram í bréfinu að komið gæti til frekari athugunar síðar.

Svar Persónuverndar til Vinnumálastofnunar vegna birtingar upplýsinga um nýtingu hlutabótaleiðar

Mál nr. 2020051604

Þann 11. maí 2020 barst Persónuvernd bréf Vinnumálastofnunar varðandi birtingu og miðlun upplýsinga um þau fyrirtæki sem höfðu starfsmenn sem nýtt höfðu svokallaða hlutabótaleið samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Í bréfinu voru settar fram spurningar tengdar birtingu umræddra upplýsinga og því hvernig hún samrýmdist persónuverndarlögum. Í svari Persónuverndar kom meðal annars fram að stofnunin teldi að um birtingu og miðlun umrædda upplýsinga færi eftir upplýsingalögum nr. 140/2012 og að Persónuvernd skæri ekki úr um lögmæti afhendingar upplýsinga samkvæmt þeim lögum. Það væri hins vegar afstaða Persónuverndar að lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga girtu ekki fyrir að umræddar upplýsingar væru birtar.

Vöktun Netgíró ehf. á kennitölum hjá Creditinfo Lánstrausti

Mál nr. 2020010477

Persónuvernd lauk athugun sinni á vöktun Netgíró ehf. á kennitölum viðskiptavina sinna hjá Creditinfo Lánstrausti hf. Litið var til þess að vöktunin fór fram til að stýra áhættu við veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu. Þá var litið til fræðslu sem viðskiptavinum var veitt, þ. á m. um að þeir gætu afturkallað heimild til vöktunar hvenær sem væri. Taldi Persónuvernd Netgíró ehf. hafa heimild til vöktunarinnar en lagði áherslu á að vöktun færi aðeins fram að því marki sem nauðsyn krefði, að ávallt yrði veitt skýr fræðsla, þ. á m. um hvernig slíta mætti viðskiptasambandi, svo og að vinnsla persónuupplýsinga samrýmdist skilmálum sem Persónuvernd setti í starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. hverju sinni.

ÚRSKURÐIR

Afgreiðsla Motus ehf. og Landsbankans hf. á aðgangs- og upplýsingabeidnum Mál nr. 2020010740

Persónuvernd úrskurðaði um afgreiðslu Motus ehf. og Landsbankans hf. á aðgangs- og upplýsingabeidnum einstaklings. Annars vegar var um að ræða beiðni sem sett var fram gagnvart Motus ehf. í gildistíð laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hins vegar var um að ræða sjálfstæðar beiðnir sem settar voru fram gagnvart hvoru fyrirtækinu fyrir sig eftir gildistöku laga nr. 90/2018. Komist var að þeirri niðurstöðu að líta bæri á fyrirtækin sem sjálfstæða ábyrgðaraðila og því hefði kvartandi mátt beina beiðnum að þeim báðum. Afgreiðsla Motus ehf. hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 og lögum nr. 90/2018. Afgreiðsla Landsbankans hf. hefði á hinn bóginn ekki samrýmst lögum nr. 90/2018. Því var lagt fyrir Landsbankann hf. að veita kvartanda aðgang að tilteknum persónuupplýsingum.

Öryggisbrestur hjá Sorpu Mál nr. 2017121789/2020010739

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að ábendingar sem sendar voru Sorpu bs., í gegnum vefsíðu fyrirtækisins, urðu aðgengilegar á Netinu. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði ekki uppfyllt ákvæði þágildandi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að afhending persónuupplýsinganna til vinnsluaðila hefði ekki uppfyllt ákvæði laganna þar sem ekki var til staðar vinnslusamningur milli aðilanna.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við gerð skýrslu um lánshæfismat hjá Creditinfo Lánstrausti hf.

Mál nr. 2020010738

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá Creditinfo Lánstrausti hf., í tengslum við gerð skýrslu um lánshæfismat, hefði verið lögmæt. Í málinu reyndi meðal annars á það hvort félaginu hefði verið heimilt að lækka lánshæfiseinkunn kvartanda á tilteknu tímabili. Taldi Persónuvernd vinnsluna hafa verið heimila á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og að ekki hefði komið fram að brotið hefði verið gegn grunnkröfu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna. Þá taldi stofnunin að vinnslan hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 að öðru leyti.

Skráning og vinnsla persónuupplýsinga hjá Kópavogsbæ Mál nr. 2020010728

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir því annars vegar að skráðar hefðu verið rangar persónuupplýsingar um kvartanda í gögn hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar í tengslum við greiningarferli barns hans og úrræði þar að lútandi, og hins vegar að beiðni kvartanda um leiðréttingu á gögnunum hefði verið synjað. Í úrskurðinum segir að á stjórnvöldum og sveitarfélögum hvíli auknar skyldur um varðveislu gagna, á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, en afhendingarskyldum aðilum sé almennt óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum sínum. Hins vegar beri að líta svo á að þegar eyðing eða breyting gagna sé óheimil beri engu að síður að veita hinum skráða kost á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar með því að leggja fram yfirlýsingu þeim til viðbótar. Fyrir lá í málinu að Kópavogsbær hafði þegar boðið kvartanda að leggja fram greinargerð um þau atriði sem hann taldi ranglega skráð og að hún yrði síðan tengd með dagsettri tilvísun við málsskjölin til leiðréttingar. Var Kópavogsbær því talinn hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 20. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 16. gr. reglugerðar ESB 2016/679.

Endurbirting persónuupplýsinga á Netinu Mál nr. 2020010727

Persónuvernd úrskurðaði um að birting borgarstjóra á sömu upplýsingum og Reykjavíkurborg birti á vefsíðu sinni upphaflega, sbr. úrskurð í máli nr. 2020010584, hefði verið heimil. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að efni upplýsinganna hefði verið á ábyrgð Reykjavíkurborgar og vinnslan hefði samrýmst kröfum 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, þar sem þeir sem veittu aðgang að upplýsingum, sem birtar hafi verið af stjórnvöldum, mættu almennt gera ráð fyrir því að birting af hálfu stjórnvalda hefði verið í samræmi við lög. Þá hefði vinnslan verið í samræmi við meginreglur 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna og var ekki séð að vinnslan hefði verið andstæð kröfum annarra tölulíða ákvæðisins.

Birting mynda af fósturbarni á samfélagsmiðlum Mál nr. 2020010723

Kvartað var yfir birtingu fósturmóður á myndum af barni kvartanda. Komist var að þeirri niðurstöðu að birting þeirra mynda sem aðgengilegar voru almenningi félli undir gildissvið persónuverndarlaga, en aðrar myndbirtingar

féllu utan gildissviðs laganna. Í úrskurðinum var jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að myndbirtingin hefði verið heimil á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, en þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn. Við mat á því hvort hagsmunir barnsins vægju þyngra í því tilviki sem hér var til skoðunar var meðal annars litið til þess að ekki var um að ræða upplýsingar sem töldust viðkvæmar eða að öðru leyti þess eðlis að birting þeirra væri til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á barnið. Þá var jafnframt talið, með hliðsjón af aldri barnsins og þroska, að afstaða þess til álitafnisins ætti að hafa vægi í málinu, en barnið var 13 ára gamalt og var það hlynnt birtingunni.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins Mál nr. 2020010721

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir því hvernig vinnslu og söfnun persónuupplýsinga væri háttað hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Laut kvörtunin m.a. að því að upplýsingar um kvartanda í gögnum TR væru rangar og ósannreyndar. Jafnframt var kvartað yfir því að aðgangsbeyðni kvartanda hefði verið hafnað á þeirri forsendu að TR hefði engar persónuupplýsingar um hann. Í úrskurðinum var litið til þess að TR hefði verið að sinna lögbundnu hlutverki sínu, þ.e. að veita barni kvartanda félagslega aðstoð, og nauðsynlegt væri að afla tiltekinna gagna í því skyni, m.a. skýrslna sérfræðinga ásamt læknisfræðilegum greiningum. Taldi Persónuvernd að stjórnvöld yrðu almennt að geta treyst því að þær upplýsingar sem önnur stjórnvöld létu þeim í té samkvæmt lagaskyldu væru áreiðanlegar. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að aðgangsréttur skráðs einstaklings væri fyrir hendi óháð því hvort upplýsingarnar væru skráðar á kennitölu hans eða ekki. Undir rekstri málsins fékk kvartandi aðgang að gögnum hjá TR sem honum hafði áður verið synjað um aðgang að með vísan til þess að engar upplýsingar væru skráðar á kennitölu hans hjá stofnuninni. Með hliðsjón af því var, að mati Persónuverndar, ekkert í gögnum málsins sem gaf annað til kynna en að TR hefði uppfyllt skyldu sína um að veita kvartanda aðgang að persónuupplýsingum sínum.

Meðferð Skeljungs hf. á tölvupósthólfi starfsmanns við starfslok Mál nr. 2020010702

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir meðferð tölvupósthólfs kvartanda í kjölfar starfsloka hjá Skeljungi hf. Var kvartanda sagt upp störfum og gert að vinna út uppsagnarfrest en áður en fresturinn hafði liðið var kvartanda vikið frá störfum. Kvartað var yfir því að tölvupósthólfi hans hefði verið lokað samdægurs og hann

hefði ekki fengið tækifæri til að yfirfara það. Var allur tölvupóstur sem barst í pósthólf kvartanda framsendur öðrum starfsmanni félagsins í rúmlega fimm mánuði eftir starfslok hans. Bar Skeljungur hf. því við að munnlegt samkomulag hefði verið gert við kvartanda um framsendingu tölvupóstsins til að tryggja viðskiptahagsmuni félagsins en því var hafnað af hálfu kvartanda. Félagið var hins vegar látið bera hallann af því að geta ekki fært sönnur á að slíkt samkomulag hefði verið gert. Var niðurstaða Persónuverndar sú að meðferð Skeljungs hf. á tölvupósthólfi kvartanda við starfslok hans hjá félaginu hefði ekki samrýmst ekki lögum nr. 90/2018 og 9. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. vegna beiðni um eyðingu upplýsinga af vanskilaskrá Mál nr. 2020010699

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir synjun Creditinfo Lánstrausts hf. á að taka við kröfu kvartanda um afskráningu upplýsinga á vanskilaskrá á starfsstöð Creditinfo ásamt yfirlýsingu kröfuhafa um að skuldin væri fallin niður. Ekki lágu fyrir gögn sem skáru úr um hvenær kvartandi mætti á starfsstöð Creditinfo, þó að ljóst væri að hún hefði komið þangað einhverju sinni og að fyrirtækið hefði ekki tekið við gögnum frá henni þá. Í málinu lá fyrir tölvupóstur frá lögmanni kvartanda með kröfu um afskráningu kröfunnar ásamt áður nefndri yfirlýsingu. Samdægurs og sá tölvupóstur barst hóf Creditinfo sjálfstæða athugun á þeirri yfirlýsingu með tölvupóstsendingu til lögmanns kröfuhafa kvartanda. Þegar staðfesting hafði borist þaðan eyddi Creditinfo upplýsingum um viðkomandi kröfu af vanskilaskrá fyrirtækisins. Persónuvernd taldi þessa framkvæmd Creditinfo í samræmi við lög nr. 90/2018 og starfsleyfi Creditinfo. Ekki yrði séð að Creditinfo hefði verið skylt að taka við gögnum frá kvartanda á starfsstöð fyrirtækisins. Í málinu var einnig kvartað yfir miðlun Creditinfo á viðkvæmum upplýsingum til lögmanns kröfuhafa kvartanda þegar fyrirtækið óskaði upplýsinga um niðurfellingu kröfunnar. Persónuvernd taldi ekki sýnt fram á að slíkum upplýsingum hefði verið miðlað í umrætt sinn og því reyndi ekki á hvort brot hefði átt sér stað að því leyti.

Aðgangur þriðja aðila að upplýsingum í réttindaskrá Sjúkratrygginga Íslands með notkun fjölskyldunúmers Mál nr. 2020010680

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir aðgangi þriðja aðila að upplýsingum í réttindaskrá Sjúkratrygginga Íslands. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að aðgangur að upplýsingum um barn kvartanda með notkun fjölskyldunúmers hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018.

Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um fyrri skráningar á vanskilaskrá við gerð skýrslna um lánshæfi kvartanda Mál nr. 2020010678

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að notast við upplýsingar um fyrri skráningar kvartanda á vanskilaskrá við gerð skýrslna um lánshæfi hans. Vísaði Persónuvernd til þess að stofnunin hefði áður tekið afstöðu til umrædds álitaefnis með úrskurðum, sbr. í því sambandi úrskurð, dags. 26. janúar 2017, í máli nr. 2016/950, úrskurð, dags. 6. desember 2016, í máli nr. 2016/580, úrskurð, dags. 28. september 2017, í máli nr. 2016/1138, og úrskurð, dags. 31. maí 2018, í máli nr. 2017/537. Í öllum framangreindum úrskurðum taldi Persónuvernd að Creditinfo væri heimilt að nýta upplýsingar um færslu á vanskilaskrá félagsins við gerð skýrslna um lánshæfi einstaklings, í fjögur ár frá skráningu slíkra upplýsinga. Taldi Persónuvernd sömu rök eiga við í þessu máli og því hefði vinnslan verið heimil með vísan til 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018. Þá taldi Persónuvernd lög ekki gera þá kröfu að Creditinfo liti til upplýsinga um tekjur og eignir einstaklinga við gerð skýrslna um lánshæfi einstaklinga en það félli fremur í hlut viðkomandi lánveitanda að taka mið af slíkum upplýsingum þegar greiðslugeta lántaka væri skoðuð í tengslum við gerð greiðslumats. Loks taldi Persónuvernd vinnsluna ekki hafa brotið í bága við meginreglur 8. gr. laga nr. 90/2018.

Birting Sambands íslenskra sveitarfélaga á áliti umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 2020010677

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu á áliti umboðsmanns Alþingis á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstaðan var að sambandinu hefði verið óheimilt að birta álitið með persónugreinanlegum upplýsingum um kvartanda þar sem birtingin hefði ekki samrýmt öllum grunnkröfum laga nr. 90/2018.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Elísu Guðrúnar ehf. (Lifandi vísinda)

Mál nr. 2020010673

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við markaðssetningu af hálfu Elísu Guðrúnar ehf. (Lifandi vísinda). Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla og notkun Elísu Guðrúnar ehf. (Lifandi vísinda) á persónuupplýsingum um kvartanda hefði ekki í samrýmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Mál nr. 2020010671

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við eftirlit af hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að

vinnsla heilbrigðiseftirlitsins á persónuupplýsingum um kvartanda hefði samrýmt lögum nr. 90/2018.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Isavia ohf.

Mál nr. 2020010670

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun persónuupplýsinga frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til Isavia ohf. annars vegar, og hins vegar vinnsla sömu persónuupplýsinga innan Isavia ohf., hefði ekki samrýmt lögum nr. 90/2018, en í málinu lá fyrir sú afstaða beggja ábyrgðaraðila að ekki hefði verið heimild fyrir umræddum vinnsluáðgerðum. Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna var játuð aðild að málinu á grundvelli 2. másl. 2. mgr. 39. gr. laganna, sbr. 80. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Réttur einstaklings til upplýsinga um uppflettingar í málaskrárkerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE)

Mál nr. 2020010665

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem reyndi á synjun ríkislögreglustjóra um að veita einstaklingi tiltekna upplýsingar um uppflettingar á persónuupplýsingum hennar í málaskrárkerfi embættisins (LÖKE). Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ríkislögreglustjóra hefði verið heimilt að synja kvartanda um upplýsingar um það hvaða starfsmenn flettu henni upp í málaskrárkerfinu og hvenær uppflettingarnar voru gerðar.

Uppflettingar Íslandsbanka hf. á fjárhagsmálefnum einstaklings.

Mál nr. 2020010650

Persónuvernd hefur úrskurðað í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingum á fjárhagsmálefnum kvartanda af hálfu Íslandsbanka hf. annars vegar og miðlun starfsmanns bankans á upplýsingum um fjárhagsmálefni kvartanda til óviðkomandi aðila hins vegar. Í málinu kom ekkert fram sem benti til þess að slík miðlun hefði átt sér stað og afmarkaðist úrlausn Persónuverndar því við fyrrnefndar uppflettingar. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að bæði uppflettingar af hálfu Íslandsbanka hf. á upplýsingum um kvartanda í skráum Creditinfo Lánstrausts hf. og uppflettingar tilgreinds starfsmanns í upplýsingakerfum bankans hefðu samrýmt lögum nr. 90/2018.

Lesaðgangur óviðkomandi aðila í heimabanka að vörslusafni verðbréfaeignar viðskiptamanns hjá Íslandsbanka

Mál nr. 2020010649

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Íslandsbanka á fjárhagsupplýsingum kvartanda, en vegna mannglegra mistaka var óviðkomandi veittur lesaðgangur í heimabanka að vörslusafni verðbréfaeignar hans hjá bankanum. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnsla bankans hefði ekki samræmt lögum nr. 90/2018. Lagt var fyrir Íslandsbanka að gera öryggisráðstafanir

í samræmi við kröfur laganna og reglugerð (ESB) 2016/679. Einnig var lagt fyrir bankann að sannreyna með viðeigandi hætti að í verkferlum bankans fælust verndar- og öryggisráðstafanir, þegar stofnaður er aðgangur viðskiptamanns að rafrænni þjónustu, þannig að aðgangsheimild yrði ekki viðtækari en viðskiptavinur bankans staðfesti.

Uppfletting Deloitte ehf. á kennitölu væntanlegs viðskiptavinar í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf.

Mál nr. 2020010631

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingu Deloitte ehf. á kennitölu kvartanda í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að Deloitte ehf. hefði ekki haft heimild til að fletta kennitölu kvartanda upp. Óljóst hefði verið hvort kvartandi hefði óskað eftir reikningsviðskiptum við Deloitte ehf. fyrir eigin reikning, eða vegna félags sem hún var hluthafi í og Deloitte ehf. þjónustaði. Taldi Persónuvernd að ekki hefði verið nauðsynlegt að framkvæma uppflettinguna, í skilningi 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 en Deloitte ehf. hefði getað staðreynt það áður en uppflettingin var framkvæmd að kvartandi hygðist stofna til reikningsviðskipta við fyrirtækið fyrir eigin reikning.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu embættis lögreglustjóra

Mál nr. 2020010630

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu embættis lögreglustjóra á upplýsingum um aðkomu lögreglu að málefnum kvartanda. Nánar tiltekið laut kvörtunin að útgáfu og miðlun skjals sem geymdi umræddar upplýsingar. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnsla embættisins hefði ekki stuðst við heimild samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og að vinnslan hefði ekki samrýmst 2. mgr. 6. gr. þágildandi reglugerðar nr. 322/2001, um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Jafnframt taldi Persónuvernd að umrædd vinnsla hefði ekki farið fram með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti gagnvart kvartanda í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Meðferð tölvugagna starfsmanns hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Mál nr. 2020010629

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir meðferð á tölvugögnum kvartanda hjá vinnuveitanda hans, Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU). Kvartað var yfir því að stjórnandinn B hjá stofnuninni hefði látið opna fyrir og veita sér aðgang að lokuðu skráasvæði kvartanda á heimadrifi vinnutölvu hans. HSU taldi gögnin vera nauðsynleg til að stofnunin gæti sinnt tilteknum lögbundnum verkefnum sínum. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að þó að fallast mætti á að heimild gæti í einhverjum tilvikum staðið

til þess að opna fyrir aðgang að skráasvæði starfsmanns í veikindaleyfi til þess að nálgast þar upplýsingar og gögn tengd starfsemi ábyrgðaraðila yrði vinnslan engu að síður að uppfylla meginreglur 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, m.a. um sanngirni og gagnsæi. Þá yrði ekki annað séð en að kvartandi hefði verið í samskiptum við B og annan starfsmann HSU um verkefni sín hjá stofnuninni og veitt upplýsingar um þau samtímis og opnað var fyrir skráasvæðið. Var því ekki talið að HSU hefði sýnt fram á að svo brýna nauðsyn hefði borið til skoðunar á skráasvæði kvartanda að nauðsynlegt hefði verið að fara fram á opnun þess án hans vitneskju og var vinnslan því ekki talin hafa samrýmst lögum nr. 90/2018.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga af hálfu opinberrar stofnunar og sveitarfélags

Mál nr. 2020010628

Persónuvernd úrskurðaði um vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar og veikindaleyfi einstaklings af hálfu opinberrar stofnunar og sveitarfélags. Taldi Persónuvernd að stofnuninni hefði verið heimilt að skrá umræddar upplýsingar í fundargerð og miðla þeim til sveitarfélagsins, auk þess sem vinnslan var talin uppfylla skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Loks taldi Persónuvernd að vinnslan hefði samrýmst meginreglum laga nr. 90/2018. Hins vegar taldi Persónuvernd að sveitarfélagið hefði skort heimild til þess að birta umræddar persónuupplýsingar á vef sínum. Var í því sambandi áréttað að á ábyrgðaraðila hvíldi skylda til að yfirfara gögn, sem innihéldu persónuupplýsingar, fyrir birtingu þeirra. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að umrædd vinnsla sveitarfélagsins hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd

Mál nr. 2020010626

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnsla barnaverndarnefndar á Íslandi og miðlun hennar á persónuupplýsingum til annars ríkis hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Lindabergs ehf. (T10 Hótel)

Mál nr. 2020010621

Persónuvernd úrskurðaði um vinnslu Lindabergs ehf. á persónuupplýsingum um kvartanda sem hafði dvalið á T10 Hótel, sem rekið var af félaginu, og heimsótt vefsíðu þess. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði skort heimild samkvæmt 9. gr. laga nr. 90/2018 til að vinna með persónuupplýsingar um heimsóknir kvartanda á vefsíðu þess með notkun vefköku. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að Lindaberg ehf. hefði brotið gegn kröfum 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 17. gr. laganna, sbr. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, um gagnsæi

og veitingu fræðslu til kvartanda um vinnslu persónuupplýsinga hans. Veitti Persónuvernd fyrirtækinu fyrirmæli um að veita kvartanda lögbundna fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga hans, svo og öðrum skráðum einstaklingum eftirleiðis.

Vinnsla Vátryggingafélags Íslands hf. á upplýsingum um heilsufar einstaklings Mál nr. 2020010619

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Vátryggingafélags Íslands hf. á upplýsingum um heilsufar einstaklings í tengslum við bótauppgjör og rekstur dómsmála. Komist var að þeirri niðurstöðu að sú vinnsla félagsins sem kvartað var yfir hefði stuðst við 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og að skilyrði 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga hefði verið uppfyllt vegna vinnslunnar. Jafnframt taldi Persónuvernd að gætt hefði verið að grunnkröfum 1. mgr. 8. gr. laganna við vinnsluna. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að vinnslan hefði samrýmst lögum nr. 90/2018.

Vinnsla Sjóváar - Almennra trygginga hf. á upplýsingum úr sjúkraskrá einstaklings Mál nr. 2020010616

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Sjóvár-Almennra trygginga hf. á upplýsingum um heilsufar einstaklings úr sjúkraskrá hans í tengslum við ágreining um bótauppgjör. Komist var að þeirri niðurstöðu að sú vinnsla félagsins sem fólst í að afla umræddra upplýsinga og notkun þeirra við ritun greinargerðar til úrskurðarnefndar í vátryggingamálu hefði stuðst við 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018. Miðlun upplýsinganna til nefndarinnar hefði stuðst við 3. tölul. sömu greinar. Jafnframt hefði skilyrði 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verið uppfyllt vegna allra vinnsluáðgerðanna. Þá taldi Persónuvernd að gætt hefði verið að grunnkröfum 1. mgr. 8. gr. laganna við vinnsluna. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að vinnslan hefði samrýmst lögum nr. 90/2018.

Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um fyrri skráningar á vanskilaskrá við gerð skýrslna um lánshæfi kvartanda Mál nr. 2020010613

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að notast við upplýsingar um fyrri skráningar kvartanda á vanskilaskrá við gerð skýrslna um lánshæfi kvartanda. Vísaði Persónuvernd til þess að stofnunin hefði áður tekið afstöðu til umrædds álitafnis með úrskurði, sbr. í því sambandi úrskurð, dags. 26. janúar 2017, í máli nr. 2016/950, úrskurð, dags. 6. desember 2016, í máli nr. 2016/580, úrskurð, dags. 28. september 2017, í máli nr. 2016/1138, og úrskurð, dags. 31. maí 2018, í máli nr. 2017/537. Í öllum framangreindum úrskurðum taldi Persónuvernd að Creditinfo væri heimilt að nýta upplýsingar um færslu á vanskilaskrá fyrirtækisins við gerð skýrslna um lánshæfi kvartanda, í fjögur ár

frá skráningu slíkra upplýsinga. Taldi Persónuvernd sömu rök eiga við í þessu máli og því hefði vinnslan verið heimil með vísan til 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018. Þá taldi Persónuvernd vinnsluna ekki hafa brotið í bága við meginreglur 8. gr. laga nr. 90/2018.

Birting persónuupplýsinga á Facebook-síðu einstaklings Mál nr. 2020010610

Persónuvernd úrskurðaði um birtingu einstaklings á persónuupplýsingum um annan einstakling á Facebook-síðu sinni, þ.e. um heimilisfang kvartanda. Í úrskurðinum er tekið fram að skoðanir einstaklinga og gildisdómar um annan einstakling teldust ekki til persónuupplýsinga um þann síðarnefnda og féllu þar af leiðandi ekki undir gildissvið laganna. Áðurnefndar upplýsingar um heimilisfang kvartanda teldust hins vegar til persónuupplýsinga og væri Persónuvernd því bær til að úrskurða um lögætti vinnslu þeirra. Niðurstaða Persónuverndar var sú að birting heimilisfangsins styddist ekki við heimild samkvæmt 9. gr. laganna og var lagt fyrir ábyrgðaraðila að afmá það.

Miðlun Arion banka hf., Íslandsbanka og Landsbankans hf. á upplýsingum um lögheimili úr þjóðskrá gegnum netbanka Mál nr. 2020010602

Persónuvernd úrskurðaði um birtingu Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. á upplýsingum um lögheimili kvartanda. Með 12. gr. laga nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga er Þjóðskrá Íslands veitt heimild til að miðla upplýsingum úr þjóðskrá og til að heimila öðrum miðlun slíkra upplýsinga. Þá er í 14. gr. sömu laga og í 7. gr. laga nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur, sérstaklega fjallað um hvenær Þjóðskrá Íslands er heimilt að fallast á ósk einstaklings um dulið lögheimili. Með vísan til framangreindra lagaákvæða var komist að þeirri niðurstöðu að fyrir lægi það mat löggjafans að hagsmunir af miðlun upplýsinga um lögheimili vægju þyngra en hagsmunir einstaklinga af því að þeim yrði ekki miðlað. Vinnslan gæti þ.a.l. byggst á 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og samrýmdist því ákvæðum laganna.

Réttur einstaklings til upplýsinga um uppflettingar í málaskrárkerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE) Mál nr. 2020010601

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir synjun ríkislögreglustjóra um að veita einstaklingi tiltekna upplýsingar um uppflettingar á persónuupplýsingum hans í málaskrárkerfi embættisins (LÖKE), svo og yfir málsmeðferð embættisins á upplýsingaþeirri. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ríkislögreglustjóra hefði verið heimilt að synja kvartanda um upplýsingar um það

hvaða starfsmenn flettu honum upp í rafrænu málaskrárkerfi embættisins, hvenær uppflettingarnar voru gerðar, svo og fjölda þeirra. Á hinn bóginn hefði ríkislögreglustjóra verið óheimilt að synja kvartanda um upplýsingar um það hvaða ábyrgðaraðilar stóðu að uppflettingum á persónuupplýsingum um hann í málaskrárkerfinu, svo og um upplýsingar um tilgang uppflettinga á persónuupplýsingum kvartanda sem embættið stóð sjálft að. Þá var það niðurstaða Persónuverndar að málsmeðferð ríkislögreglustjóra við afgreiðslu á beiðni kvartanda um upplýsingar hefði að öðru leyti samrýmst lögum nr. 90/2018, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679, og reglugerð nr. 322/2001.

Vinnsla Landsbankans hf. á persónuupplýsingum um fyrndar kröfur
Mál nr. 2020010600

Persónuvernd úrskurðaði um að Landsbankanum hf. hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um fyrndar kröfur á hendur kvartanda í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. Umræddar kröfur voru fyrndar á grundvelli 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en tveggja ára fyrningarfrestur var liðinn samkvæmt ákvæðinu þegar umrædd miðlun átti sér stað.

Ætluð vinnsla persónuupplýsinga hjá Símanum hf. og afgreiðsla á aðgangsbeyðni
Mál nr. 2020010598

Persónuvernd barst kvörtun yfir því að lögmaður Símans hf. hefði sent fyrirmæli í tölvupósti til starfsmanna félagsins sem varðað hefðu kvartanda, svo og yfir afgreiðslu fyrirtækisins á beiðni hans um aðgang að umræddum tölvupósti. Síminn hf. hafnaði því að hafa unnið með persónuupplýsingar kvartanda á þann hátt sem greindi í kvörtun. Persónuvernd taldi orð standa gegn orði um það hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem kvartað var yfir hefði farið fram og því hefði stofnunin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort unnið hefði verið með persónuupplýsingar á þann hátt sem greindi í kvörtun. Því taldi Persónuvernd ekki unnt að fullyrða að brotið hefði verið gegn rétti kvartanda samkvæmt lögum nr. 90/2018. Í niðurstöðu Persónuverndar sagði jafnframt að ágreiningslaust væri að Síminn hf. hefði tekið afstöðu til aðgangsbeyðni kvartanda innan lögmæltra tímamarka.

Ætluð notkun einkaskilaboða á samfélagsmiðli af hálfu vinnuveitanda
Mál nr. 2020010597

Persónuvernd barst kvörtun yfir því að vinnuveitandi kvartanda hefði notað einkaskilaboð, sem hún hafði sent öðrum einstaklingi í gegnum samfélagsmiðil, í þeim tilgangi að segja henni upp störfum. Vinnuveitandinn andmælti því að hafa unnið með persónuupplýsingar kvartanda á þennan hátt.

Persónuvernd taldi orð standa gegn orði um það hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem kvartað var yfir hefði farið fram og því hefði stofnunin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort unnið hefði verið með persónuupplýsingar á þann hátt sem greindi í kvörtun. Því taldi Persónuvernd ekki unnt að fullyrða að brotið hefði verið gegn rétti kvartanda samkvæmt lögum nr. 90/2018.

Vinnsla Íslandshótela hf. á upplýsingum um veikindafjarvistir starfsmanna
Mál nr. 2020010593

Persónuvernd úrskurðaði um vinnslu Íslandshótela hf. á upplýsingum um veikindafjarvistir starfsmanna í eldhúsi hótels í eigu fyrirtækisins. Listi yfir fjarvistirnar hékk um skeið uppi í rými sem aðgengilegt var öllum starfsmönnum hótelsins, en kvartendur og Íslandshótel hf. greindi á um hvernig það kom til. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að þó að skráning veikindafjarvistar starfsmanna gæti talist eðlilegur hluti af starfsemi vinnuveitanda hefðu Íslandshótel hf. ekki tryggt öryggi upplýsinganna líkt og áskilið væri í 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Samrýmdist vinnslan því ekki ákvæðum laganna og lagði Persónuvernd fyrir Íslandshótel hf. að setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga um starfsmenn fyrirtækisins.

Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á persónuupplýsingum í tengslum við gerð skýrslna um lánshæfismat og aðgang- og upplýsingaréttar vegna slíkra skýrslna
Mál nr. 2020010592

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að nýta upplýsingar um færslu á vanskilaskrá, ásamt því að nýta upplýsingar um tengsl kvartanda við fyrirtæki í eigu hans, við gerð skýrslu um lánshæfi hans. Þá taldi Persónuvernd að afgreiðsla Creditinfo Lánstrausts hf. á beiðni kvartanda um aðgang að upplýsingum um það hvernig vinnsla persónuupplýsinga um hann hefði farið fram hefði verið í samræmi við lög. Persónuvernd taldi hins vegar að vinnsla fyrirtækisins á upplýsingum um uppflettingar á kvartanda í vanskilaskrá ásamt nýtingu upplýsinga úr skattskrá við gerð lánshæfismats hefði verið óheimil.

Birting Reykjavíkurborgar á innsendri athugasemd kvartanda á vefsíðu borgarinnar
Mál nr. 2020010584

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu Reykjavíkurborgar á innsendri athugasemd kvartanda vegna tillögu umhverfis- og skipulagsráðs að tilteknu deiliskipulagi á vefsíðu borgarinnar, en athugasemdin innihélt nafn og kennitölu hans. Niðurstaða Persónuverndar var sú að birtingin sem slík gæti talist heimil á grundvelli 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, þ.e. vegna almannahagsmuna. Hins vegar hefði skort heimild samkvæmt lögum

til að birta upplýsingar um kennitölu kvartanda. Þá var það niðurstaða Persónuverndar að ekki hefði verið gætt að meginreglum laganna við vinnsluna, en Persónuvernd vísaði til þess að ekki hefði verið gætt að skilyrði um gagnsæi þar sem fræðsluskyldan hefði ekki verið virt af hálfu borgarinnar. Í því sambandi þótti ekki fært að líta svo á að kvartandi hefði fengið vitneskju um birtinguna á þeim grundvelli að hún ætti sér stöð í gildandi lögum, sbr. undantekningarákvæði 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Var því lagt fyrir Reykjavíkurborg að afmá kennitölu kvartanda og veita framvegis fræðslu í samræmi við persónuverndarlögin og reglugerðina.

Birting persónuupplýsinga á Facebook-síðu einstaklings **Mál nr. 2020010550**

Persónuvernd úrskurðaði um birtingu einstaklings á persónuupplýsingum um annan einstakling á Facebook. Um var að ræða kennitölu kvartanda, reikningsnúmer og yfirlit greiðslna inn á bankareikning. Í úrskurðinum var tekið fram að skoðanir einstaklinga og gildisdómar um annan einstakling teldust ekki til persónuupplýsinga um þann síðarnefnda og félli þar af leiðandi ekki undir gildissvið laganna. Áðurnefndar upplýsingar um kennitölu kvartanda, reikningsnúmer og yfirlit greiðslna inn á bankareikning teldust hins vegar til persónuupplýsinga og væri Persónuvernd því bær til að úrskurða um lögmæti vinnslu þeirra. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla upplýsinganna styddist ekki við heimild samkvæmt 9. gr. laganna og var lagt fyrir ábyrgðaraðila að fjarlægja þær.

Rafræn vöktun í fjöleignarhúsi **Mál nr. 2020010548**

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun eiganda íbúðar í fjöleignahúsi, sem beindi myndavélum að sameign og séreign annars eiganda. Einnig var kvartað yfir birtingu upptekins efnis á vefmiðlum. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að vöktunin og birtingin samrýmdust samrýmdist ekki lögum nr. 90/2018 og reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

Birting viðkvæmra persónuupplýsinga í starfsauglýsingu **Mál nr. 2020010284**

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu upplýsinga í starfsauglýsingu hjá framhaldsskóla. Komist var að þeirri niðurstöðu að með hliðsjón af upplýsingum sem aðgengilegar voru á vefsíðu skólans hefði verið hægt að rekja efni auglýsingarinnar til kvartanda. Í niðurstöðu Persónuverndar segir að vinnsla persónuupplýsinganna hafi ekki farið fram á grundvelli heimildar í lögum nr. 90/2018 og hafi hún því ekki samrýmst lögum.

Öryggi bréfsendingar frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu **Mál nr. 2018040785**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla sýslumannsembættisins á höfuðborgarsvæðinu við útsendingu bréfs, sem varðaði mál sem kvartandi var með til meðferðar hjá embættinu, í almennum bréfpósti hefði ekki brotið gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., sbr. einnig 11. gr. þágildandi laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Bréfið var hins vegar sent kvartanda á rangt heimilisfang þrátt fyrir að kvartandi hefði tilkynnt sýslumannsembættinu um nýtt heimilisfang sitt áður en bréfið var sent. Var því talið að við sendingu bréfsins hefði ekki verið gætt nægilega að kröfum 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um að persónuupplýsingar skyldu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Bent var á að tengiliðaupplýsingar málsaðila verða ávallt að vera uppfærðar svo persónuupplýsingum sé ekki miðlað til óviðkomandi aðila. Þá var bent á að sérstaklega ber að gæta að áreiðanleika tengiliðaupplýsinga í þeim tilvikum þar sem málsmeðferðartími getur verið langur.



ÁLIT OG UMSAGNIR

Heimildir sóttvarnalækis til gagnaöflunar í tengslum við COVID-19 – mál nr. 2020020950

Þann 26. febrúar svaraði Persónuvernd erindi embættis landlækis varðandi heimildir sóttvarnalækis til gagnaöflunar og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19. Var það mat Persónuverndar að með hliðsjón af ákvæðum sóttvarnalaga væri sóttvarnalækni heimilt að afla gagna frá öllum þeim aðilum sem gætu veitt upplýsingar þegar út brýst hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna, og vinna með þær upplýsingar að því marki sem nauðsynlegt væri.

Álit um ófullnægjandi öryggi persónuupplýsinga sem unnt var að miðla í gegnum vefsíðu umboðsmanns borgarbúa – mál nr. 2020010591 5. mars 2020

Persónuvernd veitti álit á því hvort umboðsmaður borgarbúa hefði tryggt viðeigandi öryggi upplýsinga um einstaklinga sem unnt var að miðla í gegnum rafrænt kvörtunareyðublað á vefsíðu embættisins sem studdist við HTTP-samskiptareglur. Í álitinu kom meðal annars fram að þegar persónuupplýsingum væri miðlað í gegnum vefsíður sem styðjast við HTTP-samskiptareglur væri umtalsverð áhætta á því að þriðji aðili gæti fengið aðgang að persónuupplýsingunum í leyfisleysi. Sú hætta væri minni þegar miðlun færi fram í gegnum vefsíður sem styddust við dulkóðuð samskipti. Taldi Persónuvernd að umrædd vinnsla umboðsmanns borgarbúa hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

Svar Persónuverndar til Vinnumálastofnunar vegna birtingar upplýsinga um nýtingu hlutabótaleiðar – mál nr. 2020051604 12. maí 2020

Persónuvernd veitti Vinnumálastofnun svar við bréfi stofnunarinnar varðandi birtingu og miðlun upplýsinga um þau fyrirtæki sem hefðu starfsmenn sem nýtt hafa svokallaða hlutabótaleið samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Í bréfinu voru bornar upp spurningar tengdar birtingu umræddra upplýsinga og því hvernig hún samrýmdist persónuverndarlögum. Í svari Persónuverndar kom meðal annars fram að stofnunin teldi að um birtingu og miðlun umrædda upplýsinga færi eftir upplýsingalögum nr. 140/2012 og að Persónuvernd skæri ekki úr um lögmæti afhendingar upplýsingar samkvæmt þeim lögum. Það var hins vegar afstaða Persónuverndar að

lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga girtu ekki fyrir að umræddar upplýsingar væru birtar.

Álit um skrár Embættis landlækis – mál nr. 2020010064 18. maí 2020

Persónuvernd veitti álit í máli af tilefni kröfu Embættis landlækis um að sjálfstætt starfandi sérfræðingar sendu því upplýsingar um sjúklinga sína til skráningar í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Í álitinu voru meðal annars raktar þær kröfur sem felast í 71. gr. stjórnarskrárinnar að reglugerðir eða önnur fyrirmæli sett af ráðherra sem takmarka einkalífsréttindi manna verða að eiga sér skýra lagastoð og geta ekki gengið lengra en ráðgert er í lögnum sjálfum. Í 22. gr. reglugerðar nr. 548/2008 um heilbrigðisskrár væri kveðið á um að skylt væri að færa tilteknar persónuupplýsingar í umrædda skrá. Samkvæmt lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu stæði hins vegar einungis heimild til þeirrar skráningar og væru því með reglugerðinni lagðar þyngri byrðar á borgarana en lögin heimiluðu. Með hliðsjón af þessu var það mat Persónuverndar að þörf væri á skýrari ákvæðum í settum lögum um heilbrigðisskrár.

Álit á gagnkvæmri miðlun persónuupplýsinga Fangelsismálastofnunar og Útlendingastofnunar – mál nr. 2020010373 4. júní 2020

Persónuvernd veitti að beiðni Fangelsismálastofnunar álit sitt á gagnkvæmri miðlun persónuupplýsinga stofnunarinnar og Útlendingastofnunar. Um var að ræða annars vegar miðlun persónuupplýsinga Útlendingastofnunar til Fangelsismálastofnunar í þeim tilgangi að síðarnefnda stofnunin veiti erlendum refsiföngum reynslulausn eða leyfi til afplánunar refsinga utan fangelsis. Hins vegar var um að ræða miðlun á persónuupplýsingum Fangelsismálastofnunar til Útlendingastofnunar, í þeim tilgangi að Útlendingastofnun gæti, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, vísað brott erlendum ríkisborgurum á grundvelli laga um útlendinga.

Persónuvernd taldi að stofnununum væri heimilt að miðla persónuupplýsingum með fyrrgreindum hætti, enda væru þær nauðsynlegar svo að stofnanirnar gætu framfylgt lögbundnum skyldum sínum. Við miðlun og vinnslu þeirra var gerð krafa

um að öryggi persónuupplýsinganna væri tryggt og að stofnanirnar fyrirbyggðu aðgang óviðkomandi með tryggu og nægilegu hætti.

Álit á takmörkun við afhendingu matsgerða vegna fasteignatjóna - mál nr. 2020061898

1. september 2020

Persónuvernd veitti álit annars vegar um að það félli utan valdsviðs stofnunarinnar að túlka takmörkun aðgangsréttar samkvæmt upplýsinga- og stjórnsýslulögum. Hins vegar veitti Persónuvernd álit um að upplýsingar um fjárhæð bóta sem eigandi eignar hefur þegið frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands vegna tjóns af völdum jarðskjálfta eða annarra tjónsatburða teldust ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga. Einnig kom fram að ljósmyndir sem eingöngu sýna skemmdir á húseignum (innan- sem utanhúss) teldust ekki viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi sömu laga svo fremi sem þær endurspegluðu ekki upplýsingar um íbúa er varða trúarskoðanir, þjóðerni, kynhneigð eða aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Álit á túlkun og framkvæmd tiltekinna ákvæða í lögum um váttryggingarsamninga

- mál nr. 2020092334

2. október 2020

Persónuvernd veitti að beiðni Trygginga og ráðgjafar ehf. álit á túlkun og framkvæmd tiltekinna ákvæða í lögum um váttryggingarsamninga, með hliðsjón af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í álitinu var tekið fram að það væri ekki á forræði Persónuverndar að kveða á um hvort dreifingaraðilum váttrygginga væri heimilt að gera váttryggingarsamninga við einstaklinga ef þeir neituðu að veita um sig skriflegar upplýsingar samkvæmt tilteknum ákvæðum laga um váttryggingarsamninga er varða gerð þarfagreininga. Hins vegar gæti vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þeim ákvæðum laganna sem undir væru hér ekki byggst á samþykki hinna skráðu þar sem ekki væri hægt að líta svo á að þeir gætu veitt óþvingað samþykki sitt fyrir vinnslunni. Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þarfagreiningar samkvæmt váttryggingalögum gæti byggst á þeim vinnsluheimildum persónuverndarlöggjafarinnar sem vísa annars vegar til lagaskyldu ábyrgðaraðila og hins vegar, hvað varðar viðkvæmar persónuupplýsingar, til almannahagsmuna. Jafnframt taldi Persónuvernd að hinir skráðu ættu ekki andmælarétt um þá tilteknu vinnslu persónuupplýsinga, sem um ræddi, á grundvelli persónuverndarlöggjafarinnar. Einnig var komist að því að ábyrgðaraðilum væri heimil varðveisla persónuupplýsinga, sem aflað hefði verið á grundvelli laga um váttryggingar, á grundvelli lagaskyldu og

með vísan til almannahagsmuna. Þá væri dreifingaraðilum váttrygginga heimilt að varðveita persónuupplýsingar váttryggingartaka, sem fengnar væru vegna þarfagreiningar til að uppfyllt væru ákvæði laga um váttryggingar um varðveislu og til að Fjármáleftirlitið gæti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Álit - Persónuvernd og tjáningarfrelsi fjölmiðla - mál nr. 2020082249

5. október 2020

Persónuvernd gaf út álit á lagaumhverfi fjölmiðla með tilliti til persónuverndar, mörkum valdheimilda Persónuverndar að því leyti og á þeim sjónarmiðum sem fjölmiðlar þyrftu að líta til við vinnslu persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku. Niðurstaða álitsins var sú að vinnsla persónuupplýsinga á vegum fjölmiðla og annarra aðila í þágu fréttamennsku félli að miklu leyti utan valdsviðs Persónuverndar. Væri stofnunin því ekki bær til þess að úrskurða með bindandi hætti um hvort vinnsla persónuupplýsinga á þeim vettvangi samrýmdist ákvæðum laganna og reglugerðarinnar. Félli það í hlut dómstóla að meta hvort fjölmiðlar hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns eða gerst brotlegir við ákvæði laga nr. 90/2018 og reglugerðarinnar eða eftir atvikum önnur ákvæði laga.

Álit um miðlun tiltekinna stjórnvalda á persónuupplýsingum um heilbrigðisstarfsmenn til embættis landlæknis - mál nr. 2020092340

24. nóvember 2020

Persónuvernd veitti embætti landlæknis álit um að heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu væri heimilt að miðla persónuupplýsingum um heilbrigðisstarfsmenn, þ.á m. upplýsingum um refsiverða háttsemi og viðkvæmar persónuupplýsingar, til embættisins þannig að það gæti sinnt eftirlitshlutverki sínu með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu í almannabágu. Þá þyrfti einnig að líta til vægis þagnarskyldu í X. kafla stjórnsýslulaga sem mælir fyrir um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Tvær undanþágur væri að finna um fyrrgreinda þagnarskyldu. Annars vegar ætti þagnarskyldan ekki við þegar um væri að ræða upplýsingar um lögprot eða ámælisverða háttsemi starfsmanns stjórnvalda í tengslum við störf hans. Hins vegar þegar fyrir lægi samþykki hlutaðeigandi eða lagaheimild. Var það mat Persónuverndar að svo að miðlun aðila utan heilbrigðisþjónustu væri heimil yrði önnur tveggja undanþágnanna að eiga við, að öðrum kosti væri miðlunin ekki heimil. Þá taldi Persónuvernd brýnt fyrir löggjafann að bregðast við skorti á skýrum lagaheimildum embættis landlæknis svo að það gæti sinnt eftirlitshlutverki sínu eins og lög mæltu fyrir um.

Önnur álit sem Persónuvernd veitti á árinu:

- Álit vegna fyrirhugaðs myndavélaeftirlits Fiskistofu og Hafnarsambands Íslands um myndavélaeftirlit - mál nr. 2020010265
- Álit um aðferðir við öflun samþykkisyfirlýsingar og flokkun viðkvæmra persónuupplýsinga - mál nr. 2020010283
- Álit um skyldu Creditinfo Lánstrausts hf. til að afhenda Umboðsmanni skuldara upplýsingar - mál nr. 2020010286
- Álit vegna beiðni um upplýsingar frá Félagi flugmálastarfsmanna - mál nr. 2020010311
- Álit vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá úrskurðanefndum Fjármálaeftirlitsins - mál nr. 2020010345
- Álit vegna verklagsreglna hjá Menntaskólanum á Egilstöðum - mál nr. 2020010349
- Álit vegna miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga á milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Landspítala háskólasjúkrahúss - mál nr. 2020010356
- Álit vegna söfnunar heilsufarsupplýsinga um leikmenn knattspyrnuliða - mál nr. 2020010499
- Álit vegna afhendingar sóknarmannatals Þjóðkirkjunnar frá Þjóðskrá Íslands - mál nr. 2020010500
- Álit vegna miðlunar upplýsinga til sóttvarnalækis frá skólum um veikindi - mál nr. 2020031189
- Álit vegna fyrirhugaðrar rannsóknar hjá Rannsóknum og greiningu - mál nr. 2020051681
- Álit vegna skráningar á upplýsingum um félagslega stöðu nemenda við íslenska háskóla - mál nr. 2020061798
- Álit vegna frumkvæðisbirtingar upplýsinga um heildargreiðslur til framleiðenda í landbúnaði - mál nr. 2020061975
- Álit um heimildir til gagnkvæmrar upplýsingagjafar milli lögreglu, sýslumanna, félagsþjónustu og barnaverndar - mál nr. 2020102735
- Álit vegna tímabundins fyrirkomulags á varðveislu gagna um krabbameinsskimanir frá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands - mál nr. 2020123099
- Álit um heimild til miðlunar persónuupplýsinga til umdæmislækna sóttvarna - mál nr. 2020123100

- Staðfesting á öryggi persónuupplýsinga, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár - mál nr. 2020123137

Yfirlit yfir þær umsagnir sem Persónuvernd veitti Alþingi á 150. og 151. löggjafarþingi:

Alls voru 27 umsagnir veittar Alþingi á árinu 2020. Á 150. löggjafarþingi:

Frumvarp til lyfjalaga, 390. mál - mál nr. 2020010254

Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 421. mál - mál nr. 2020010242

Frumvarp til breytinga á lögum um dómstóla og fleiri lögum o.fl., 470. mál - mál nr. 2020010806

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 457. mál - mál nr. 2020010808

Frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaaðrekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands, 523. mál - mál nr. 2020020896

Tillaga til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningarskrár, 110. mál - mál nr. 2020020945

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (bann við myndatökum og hljóðupptökum í dómhúsum), 140. mál - mál nr. 2020020957

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (stofnanir á málefna sviði heilbrigðisráðherra), 446. mál - mál nr. 2020020967

Tillaga til þingsályktunar um skipulagt hjartaeftirlit ungs fólks, 164. mál - mál nr. 2020021035

Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, 612. mál - mál nr. 2020031142

Frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir, 667. mál - mál nr. 2020031218

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar (stjórn og eftirlit), 701. mál - mál nr. 2020041524

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skráning raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka), 709. mál.
- mál nr. 2020051569

Frumvarp til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), 717. mál - mál nr. 2020051643

Frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál.
- mál nr. 2020051651

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðarsjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar), 813. mál
- mál nr. 2020051678

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar (skilvirkari framkvæmd), 812. mál
- mál nr. 2020051716

Frumvarp til laga um ferðagjöf, 839. mál
- mál nr. 2020051750

Á 151. löggjafarþingi:

Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, 9. mál. - mál nr. 2020102639

Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 10. mál. - mál nr. 2020102640

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál.
- mál nr. 2020102677

Frumvarp til laga um fjarskipti, 209. mál.
- mál nr. 2020102707

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 26. mál.
- mál nr. 2020112794

Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn, 192. mál 2020112819

Frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining), 230. mál - mál nr. 2020112871

Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, 278. mál - mál nr. 2020112902

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ferðagjöf (framlenging gildistíma), 377. mál.
- mál nr. 2020123009

Yfirlit yfir umsagnir sem veittar voru ráðuneytum:

Alls voru 17 umsagnir veittar ráðuneytum um drög að frumvörpum, reglugerðum o.fl.:

Beiðni um samráð vegna undirbúnings á frumvarpi um innleiðingu á tilskipun 2018/1808/ESB - mál nr. 2020010060

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (stofnanir á málefnasviði heilbrigðisráðherra) - mál nr. 2020010061

Drög að frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti - mál nr. 2020010558

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - mál nr. 2020010841

Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga, nr. 110/2000 og lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 - mál nr. 2020010866

Drög að frumvarpi til laga um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi - mál nr. 2020020931

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á tollalögum (heimildir tollyfirvalda til vinnslu persónuupplýsinga o.fl.) - mál nr. 2020031074

Drög að frumvarpi til breytinga á kosningalögum - mál nr. 2020031227

Drög að reglugerð um skráningu einstaklinga - mál nr. 2020061976

Drög að frumvarpi til laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - mál nr. 2020092487

Drög að reglugerð um vigtun og skráningu sjávaraflla - myndavélavöktun hafna - mál nr. 2020102504

Drög að frumvörpum til laga um Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitstofnun velferðarmála - mál nr. 2020102530

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir) - mál nr. 2020102571 og 2020112793

Drög að reglugerð um hlutdeildarlán - mál nr. 2020102688

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 - mál nr. 2020112786

Drög að frumvarpi til nýrra laga um greiðsluþjónustu (PSD2, greiðsluvirkjun, reikningsupplýsingaþjónusta, sterk sannvottun, öryggismál, breyting á lögum um útgáfu og meðferð rafeyris) - mál nr. 2020112872

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 - mál nr. 2020112873



ERLENT SAMSTARF

Á árinu 2020 fór víðtækt erlent samstarf Persónuverndar að mestu fram með notkun fjarfundalausna í ljósi þeirra takmarkana sem hafa verið í gildi vegna Covid-19.

STARF EVRÓPSKA PERSÓNUVERNDARRÁÐSINS

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) tók til starfa þann 25. maí 2018 þegar evrópska persónuverndarreglugerðin kom til framkvæmda innan ESB, í samræmi við 68. gr. hennar. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2018 frá 6. júlí 2018 eiga EES/EFTA-löndin fulla aðild að ráðinu, án atkvæðisréttar, en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega. Evrópska persónuverndarráðið, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipað forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum EES, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, Evrópsku persónuverndarstofnuninni (EDPS) og Eftirlitsstofnun EFTA.

Á árinu 2020 voru haldnir í heildina 27 fundir. Tveir fyrstu fundir ársins í janúar og febrúar fóru fram í Brussel en frá og með mars voru alls 25 fundir haldnir með notkun fjarfundabúnaðar. Fundirnir voru sóttir af sviðsstjóra erlends samstarfs og fræðslu.

Lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru af ráðinu má finna á vefsíðu þess. Helstu skjöl sem ráðið samþykkti á árinu eru eftirtalin:

- Ákvörðun nr. 1/2020 um úrlausn deilumáls samkvæmt 65. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679
- Leiðbeiningar nr. 1/2020 um nettengd farartæki (í umsagnarferli)
- Leiðbeiningar nr. 2/2020 um flutning persónuupplýsinga á milli opinberra aðila á EES-svæðinu og opinberra aðila utan þess samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679
- Leiðbeiningar nr. 3/2020 vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði í tengslum við Covid-19
- Leiðbeiningar nr. 4/2020 vegna staðsetningarupplýsinga og smitakningarforrita í tengslum við Covid-19
- Leiðbeiningar nr. 5/2020 um samþykki skv. reglugerð (ESB) 2016/679
- Leiðbeiningar nr. 6/2020 um samspil tilskipunar um greiðslumiðlun (PSD2) og persónuverndarreglugerðarinnar
- Leiðbeiningar nr. 7/2020 um hugtökin ábyrgðaraðili og vinnsluáðili skv. persónuverndarreglugerðinni (í umsagnarferli)
- Leiðbeiningar nr. 8/2020 um notkun persónuupplýsinga til að ná til tiltekinna hópa á samfélagsmiðlum (e. targeting of social media users) (í umsagnarferli).
- Leiðbeiningar nr. 9/2020 um hugtakið „viðeigandi og rökstudd andmæli“ samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679 (í umsagnarferli)
- Leiðbeiningar nr. 10/2020 um takmarkanir á réttindum hinna skráðu skv. 23. gr. persónuverndarreglugerðarinnar. (í umsagnarferli)
- Tilmæli nr. 1/2020 varðandi viðeigandi verndarráðstafanir við flutning persónuupplýsinga úr landi (e. Supplementary Measures for transfers)
- Tilmæli nr. 2/2020 varðandi nauðsynlegar tryggingar í tengslum við eftirlitsráðstafanir (e. European Essential Guarantees for surveillance measures).
- Yfirlýsing um álitefni tengd persónuvernd við samruna fyrirtækja
- Yfirlýsing vegna takmarkana á réttindum einstaklinga í tengslum við neyðarástand
- Yfirlýsing vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við opnun landamæra á Schengen-svæðinu
- Yfirlýsing vegna samvirkni rakningarforrita
- Yfirlýsing vegna dóms Evrópudómstólsins í máli nr. C-311/18 (Schrems II), sem ógilti ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um friðhelgisskjöld (e. Privacy Shield)

- Yfirlýsing vegna draga að nýrri reglugerð um persónuvernd í fjarskiptum
- Yfirlýsing vegna loka aðlögunartímabilsins vegna útgöngu Breta úr ESB og bréf til upplýsinga varðandi flutning persónuupplýsinga til Bretlands. (uppfært í ársbyrjun 2021)
- Yfirlýsing um vernd persónuupplýsinga sem unnar eru í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Svar við opnu bréfi NYOB, samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, varðandi samvinnu persónuverndarstofnana og samræmingarkerfisins.
- Svar við beiðni framkvæmdastjórnarinnar um álit EDPB á drögum að leiðbeiningum um þróun smáforrita til að takast á við Covid-19 faraldurinn.
- Útgáfa svara við algengum spurningum um dóm Evrópudómstólsins í Schrems II
- Samræmdur rammi vegna eftirlits (e. Coordinated Enforcement Framework).
- Stefna EDPB fyrir árin 2021-2023

ÞÁTTTAKA Í SÉRFRÆÐINGAHÓPUM EVRÓPSKA PERSÓNUVERNDARRÁÐSINS

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir nokkra sérfræðingahópa sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnananna sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum EDPB, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd.

Á árinu 2020 tók Persónuvernd þátt í starfi nokkurra hópa innan Evrópska persónuverndarráðsins og er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hér fyrir neðan.

SÉRFRÆÐIHÓPUR EDPB UM LYKILÁKVÆÐI PERSÓNUVERNDAR-REGLUGERÐARINNAR (E. KEY PROVISIONS EXPERT SUBGROUP)

Sérfræðingahópur EDPB um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar hélt 11 fundi á árinu, þ.e. 14.-15. janúar, 3.-4. mars, 31. mars, 5.-6. maí, 9. júní, 29.-30. júní, 9. september, 7. október, 17. nóvember, 3. desember og 8. desember. Sviðsstjóri eftirlits hjá Persónuvernd sótti fundina í gegnum fjarfundabúnað.

SÉRFRÆÐIHÓPUR EDPB UM SAMFÉLAGSMIÐLA (E. SOCIAL MEDIA EXPERT SUBGROUP)

Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla hélt sex fundi á árinu, þ.e. 7. febrúar, 15. maí, 8. júní, 6. júlí, 6. október og 2. desember. Fundirnir voru ýmist sóttir af sviðsstjóra eftirlits eða lögfræðingi hjá Persónuvernd. Var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í öllum fundunum.

101 TASKFORCE

Persónuvernd tók þátt í starfi vinnuhóps um kvartanir sem samtökin „None of Your Business“, öðru nafni „NOYB“, lögðu fram í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í máli C-311/2018 (Schrems II), en hópurinn var stofnaður á fundi EDPB 2. september. Samanlagt lögðu samtökin fram 101 kvörtun hjá persónuverndarstofnunum innan EES varðandi notkun tiltekinna ábyrgðaraðila á þjónustum Google eða Facebook. Vinnuhópurinn hélt fjóra fundi á árinu, þ.e. 9. september, 2. október, 27. október og 7. desember, og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd fundina. Fjarfundabúnaður var nýttur til þátttöku í öllum fundunum.

VINNUSTOFUR:

EDPB og evrópskt samstarfsnet á sviði neytendaverndar (e. Consumer Protection Cooperation Network) héldu sameiginlega vinnustofu 8. júlí og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd hana. Var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í vinnustofunni. Sérfræðingahópar EDPB um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar (Key Provisions Expert Subgroup) og um miðlun persónuupplýsinga yfir landamæri (e. International Transfers Expert Subgroup) héldu sameiginlega vinnustofu um samspil 3. gr. og V. kafla hennar 21. október. Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti vinnustofuna og var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í henni.

SAMSTARF TENGT SCHENGEN-UPPLÝSINGAKERFINU, VIS-GAGNAGRUNNINUM OG EURODAC-FINGRAFARAKERFINU

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu (e. SIS II, Supervision Coordination Group (SIS stendur fyrir Schengen Information System)). Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2020 voru fundirnir tveir, haldnir 17. júní og 25. nóvember. Fundirnir, sem voru fjarfundir, voru sóttir af lögfræðingi hjá Persónuvernd. Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum

(e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2020, þ.e. 18. júní og 26. nóvember. Fundirnir, sem voru fjarfundir, voru sóttir af lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu (e. EURODAC Supervision Coordination Group). Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki og þeirra sem koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fara með hælisumsóknir. Framangreind nefnd hélt tvo fundi á árinu 2020, þ.e. 18. júní og 26. nóvember. Fundirnir, sem voru fjarfundir, voru sóttir af lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee eða CSC). Fyrirhugað er að nefndin taki á næstu árum við eftirliti með SIS, VIS og EURODAC. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2020, þ.e. 8. júlí og 9. desember. Fundirnir voru sóttir af lögfræðingi og skrifstofustjóra hjá Persónuvernd.

Þá sótti sviðsstjóri hjá Persónuvernd fjarfund með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þann 11. desember 2020, þar sem fundað var um framtíð eftirlits með Schengen-upplýsingakerfunum.

SAMSTARF NORRÆNNA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA

• Féll niður vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19.

SAMSTARF VINNUHÓPS SÉRFRÆÐINGA EFTA UM PERSÓNUVERND

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-ríkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í

landsrétt EFTA-ríkjanna. Tveir fundir voru haldnir í vinnuhópnum árið 2020 í formi fjarfunda. Sá fyrri var haldinn 11. nóvember en samhliða honum var einnig boðið upp á vinnustofu um miðlun persónuupplýsinga á milli landa. Fundurinn var sóttur af sviðsstjóra erlends samstarfs og fræðslu. Seinni fundur hópsins á árinu var boðaður með skömmum fyrirvara þann 24. desember en sá fundur var ekki sóttur af Persónuvernd.

SAMSTARF Á VETTVANGI EVRÓPURÁÐSINS

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd (T-PD), sem starfar á grundvelli Evrópuráðssamnings nr. 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981, hélt einn fund á árinu og sótti formaður stjórnar Persónuverndar hluta þess fundar rafrænt. 40. fundur nefndarinnar, var haldinn í formi fjarfundar dagana 18.-20. nóvember. Á fundinum voru rædd ýmis málefni tengd persónuvernd, m.a. aðgangur löggæsluyfirvalda að upplýsingum yfir landamæri, andlitsgreiningartækni, menntamál og persónuvernd, vinnsla persónuupplýsinga í pólitískum tilgangi o.fl.

42. ALPJÓÐARÁÐSTEFNA FORSTJÓRA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA

42. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í formi fjarfunda dagana 13.-15. október. Forstjóri og sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu sóttu ráðstefnuna.

